FRÉTTABLAÐIÐ

71. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 13. APRÍL 2021

AUGLÝSING

HRINGBRAUT

MARKAÐURINN

VIÐSKIPTI

Miðvikudaga kl. 21.00

Markaðurinn

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf í umsjón blaðamanna Markaðarins þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra Helgi Vífill Júlíusson, Hörður Ægisson og Þórður Gunnarsson.

Fimmtudaga kl. 20.00

Mannamál

Persónulegur viðtalsþáttur í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar þar sem áhugaverðir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt.

Mánudaga kl. 21.00

Karlmennskan

Þorsteinn V. Einarsson tæklar jafnréttismálin út frá sjónarhóli karla og gefur okkur innsýn inn í umræðuna um það hvað það þýðir að vera karlmaður.

Á Hringbraut eru frumsýndir íslenskir þættir á hverjum degi. Okkar markmið er að framleiða hágæða sjónvarpsefni sem á fullt erindi inn á heimili allra landsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

71. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 13. APRÍL 2021

Árangurinn verið lakari án ESB-samstarfs

Nærri tíu prósent Íslendinga hafa verið bólusett við COVID-19. Í mörgum ríkjum, vestrænum og öðrum, eru bólusetningar afar skammt á veg komnar. Prófessor í ónæmisfræði efast um að árangurinn væri jafn góður án Evrópusamstarfsins.

COVID-19 Íslendingar er nú í 13. sæti yfir þjóðir heimsins þar sem hlutfall bólusettra er hæst og það hæsta á Norðurlöndum. 9,4 prósent eru fullbólusett og fjórða bóluefnið, frá Jansen, er væntanlegt.

Ingileif Jónsdóttir, prófessor í ónæmisfræði, telur árangurinn skýrast af samstarfi við Evrópusambandið. Það hafi verið eina leiðin.

„Við sem lítil þjóð hefðum aldrei getað samið við öll þessi fyrirtæki upp á eigin spýtur, vitandi ekkert um hvað yrði viðurkennt, hraða og framleiðslugetu þegar samningar hófust," segir Ingileif.

Stjórnvöld hafa rætt við fyrirtækin fyrir utan samstarfið en Ingileif efast um að árangurinn væri jafn mikill utan Evrópusamstarfsins.

Samkvæmt greiningu Financial Times er Ísrael sem fyrr með hæsta bólusetningarhlutfall heims. Þar eru 55 prósent fullbólusett. Þar á eftir koma Síle, Barein og Bandaríkin með rúmlega 20 prósent.

Í Bretlandi hafa 60 prósent fengið fyrstu sprautu. Þar sem aðallega er notað AstraZeneca, sem þarf þrjá mánuði milli sprauta, hafa aðeins 11 prósent lokið bólusetningu.

Í Evrópusambandinu hafa 6 prósent verið fullbólusett en í löndum á borð við Japan, Suður-Kóreu, Nýja-Sjáland, Suður-Afríku og Indland er hlutfallið innan við eitt prósent. Fáir sem engir eru fullbólusettir í Ástralíu, Kína, Sádi-Arabíu og mörgum ríkjum þriðja heimsins.

Hátt hlutfall fullbólusettra á Íslandi skýrist að mestu leyti af því hversu mikið hefur borist af bóluefni Pfizer, þar sem aðeins tvær vikur þurfa að líða milli sprauta.

> **Ef það kemur grænt ljós á bólusetningar barna fljótlega vona ég að stjórnvöld hér heimili það einnig.**
>
> Ingileif Jónsdóttir, prófessor í ónæmisfræði

Mjög lítið hefur borist hingað af bóluefni Moderna, aðeins um sex þúsund skammtar.

„Moderna hefur reynt að auka framleiðslugetuna en hefur veitt mjög stórum hluta til Bandaríkjanna þar sem það var fjármagnað af bandarísku heilbrigðismálastofnuninni," segir Ingileif.

Fleiri bóluefni eru á áætlun, svo sem hið þýska Curevac, franska Sanofi og rússneska Spútnik. Curevac og Sputnik eru komin í áfangamat hjá Lyfjastofnun Evrópu.

Ingileif segir að samþykki gæti legið fyrir í lok apríl eða maí. Spurningarmerki sé þó við afhendingargetuna. Reiknað sé með hjarðónæmi í sumar og gætu þessi bóluefni verið komin fyrir þann tíma.

Ingileif segir eina stærstu spurninguna núna hvort börn verði bólusett. Á Íslandi eru á áttunda tug þúsunda barna. Ný rannsókn frá Pfizer gefi góða niðurstöðu.

„Ef það kemur grænt ljós á bólusetningar barna fljótlega vona ég að stjórnvöld hér heimili það einnig," segir Ingileif. **– khg**

Selir drepast í netum í þúsundatali

LÍFRÍKI Mikill fjöldi spendýra sem drukkna í veiðarfærum við Ísland veldur áhyggjum.

„Við höfum áhyggjur af meðafla í grásleppuveiðum, sérstaklega selum," segir Guðjón Már Sigurðsson sjávarlíffræðingur.

Til stóð að loka á útflutning íslenskra fiskafurða til Bandaríkjanna um næstu áramót þar sem Íslendingar stóðust ekki kröfur um fjölda spendýra sem meðafla. Ársfrestur fékkst vegna heimsfaraldursins. Náist ekki að draga úr dráþinu verður endurskoðun á útflutningsbanni ekki möguleg fyrr en fjórum árum eftir að bann tæki gildi í byrjun árs 2023. **– kdi / sjá síðu 4**



Fjöldi fólks var saman kominn á Austurvelli í gær til að mótmæla brottvísun flóttafólks til Grikklands. Skipuleggjendur mótmælanna hafa búið á Íslandi í tíu mánuði og segjast þreyttir, bæði andlega og líkamlega. Þeir biðja um mannúðlega meðferð og að Grikkland verði skilgreint sem óöruggt ríki fyrir flóttafólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Veldu þekkingu og reynslu

Reglubundin þjónustuskoðun tryggir betri endingu og viðheldur ábyrgð

Pantaðu tíma á www.hekla.is/timabokanir

Viðurkenndur þjónustuaðili

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is

Fagnar samstöðu innan Alþingis

ALÞINGI Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir að gott sé að sjá hvað mikil samstaða sé komin á Alþingi um afglæpavæðingu fíkniefnaneyslu. Miklar umræður áttu sér stað á þinginu í gær vegna frumvarps heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta.

Fólk áttar sig nú á því að það er ekkert vit í því að refsa fíkniefnaneytendum og það er mikið af gögnum því til stuðnings. Þetta er góður dagur fyrir Ísland og okkur öll.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata

„Þetta var róttæk hugmynd 2013, þótti jafnvel galin og stórhættuleg, en í gegnum árin hefur mikil umræða og heiðarleg sannleiksleit annarra flokka gert það að verkum að þetta er í sjálfu sér ekki mjög umdeilt mál lengur," segir Helgi í samtali við Fréttablaðið. „Fólk áttar sig nú á því að það er ekkert vit í því að refsa fíkniefnaneytendum og það er mikið af gögnum því til stuðnings. Þetta er góður dagur fyrir Ísland og okkur öll."

Ég hef aldrei séð eiturlyf, herra forseti, eða þeirra neytt vegna þess að þau hafa verið ólögleg og menn hafa ekki verið að flíka þeim.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins

Helgi segir þó að málflutningur þingmanna Miðflokksins hafi eilítið skyggt á áfangann. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, lýsti mikilli furðu yfir frumvarpinu sem gæti haft áhrif á þann mikla fælingarmátt sem hann telur felast í refsilöggjöfinni. „Ég hef aldrei séð eiturlyf, herra forseti, eða þeirra neytt vegna þess að þau hafa verið ólögleg og menn hafa ekki verið að flíka þeim," sagði Sigmundur á þinginu í gær.

„Rökstuðningur þeirra er svo afleitur að ég einfaldlega trúi því ekki að þeim sé alvara í öllum tilfellum," segir Helgi. „Málflutningur þeirra virðist einkennast af því að þeir reyni hvað harðast að vera á móti málum sem koma úr öðrum áttum en sínum eigin."

– atv / sjá síðu 4

Ævintýri á fjöllum og í fjörðum

Farþegar og áhöfn á skútunni Auroru sigldu um Jökulfirði á Vestfjörðum um helgina, skutu út léttabáti og gengu hér og þar á land og upp á nálæg fjöll og skíðuðu svo niður sem leið lá ofan í firðina aftur. Á meðfylgjandi mynd sést hluti leiðangursmanna ganga upp fjallið Töflu í Veiðileysufirði á meðan Aurora liggur við akkeri. Bæði farþegar og áhöfn gistu um borð í skútunni þá fjóra daga sem ferðalagið varði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fangelsisdómur fyrir byssuskot

DÓMSMÁL Hálffimmtugur maður var í gær dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir að skjóta úr skammbyssu út um glugga að tveimur mönnum við heimili hans í Reykjavík í mars 2019.

„Kvaðst hann hafa miðað að vegg neðan við húsið, neitaði alfarið að hafa miðað vopninu að mönnunum og kvaðst alls ekki hafa ætlað sér að valda neinum skaða. Hann hefði einungis ætlað að fæla þá í burt," segir í dómnum um vitnisburð mannsins.

Maðurinn hefur frá 1994 átta sinnum brotið refsilög að því er segir í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

„Það sem hér skiptir einkum máli er að ákærði var með dómi Hæstaréttar 3. nóvember 2011 dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir ólögmæta nauðung, hótanir og tilraun til fjárkúgunar," segir í dómnum.

Skammbyssa af Rugergerð.

– gar

Vantar gamlar myndir fyrir Íslendingabók

Ættfræðiáhugamaðurinn Friðrik Skúlason hvetur fólk til þess að setja myndir af formæðrum, forfeðrum og ættingjum sínum inn á Íslendingabók. Sérlega af fólki sem fætt er fyrir 1900. Mikilvæg menningarverðmæti gætu ella glatast.

ÆTTFRÆÐI Friðrik Skúlason hafði veg og vanda af gerð ættfræðiforritsins Espólíns. Forritið var grunnur að gagnagrunninum Íslendingabók, sem unninn var í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu.

Friðrik biður fólk um að leggja hönd á plóg við að sjá til þess að upplýsingar um hverjir séu á gömlum ljósmyndum fari ekki í súginn.

„Það er mjög áhugavert fyrir fólk að sjá hvernig ættingjar þeirra litu út og núna eru þeir einstaklingar sem hafa vitneskju um hverjir eru á myndum af fólki fæddu í kringum 1900 komnir á háan aldur," segir Friðrik.

Að sögn Friðriks er mikilvægt fyrir menningararfinn að halda skrá um upplýsingar af þessu tagi.

„Því ætti fólk sem hefur kunnáttuna að setja myndir inn á prófíla á Íslendingabók. Þeir sem setja gamlar ljósmyndir inn á samfélagsmiðla mega líka endilega merkja hverjir eru á henni," segir Friðrik.

Þeir sem kunna ekki á þetta segir Friðrik ættu að leita aðstoðar.

„Ég hef fundið fyrir viðbrögðum við þessari hvatningu minni og það er jákvætt. Betur má hins vegar ef duga skal. Áhugi á ættfræði kviknar vanalega í kringum fimmtugt en fólk yngra en það getur aðstoðað með tæknikunnáttu sinni," segir Friðrik.

„Ég hef heyrt af því að fólk sé að finna gamlar ljósmyndir þegar það erfir myndaalbúm og þar séu myndir af fólki sem það hefur ekki hugmynd um hvert er. Mér áskotnaðist til að mynda ljósmynd af langafa eiginkonu minnar á bryggjunni við Eyrarbakka og hún var ekki merkt á neinn hátt.

Mynd af bekkjarfélögum í MA árið 1931 er á vefnum með nöfnum nemenda merktum inn á. Á myndina vantar meðal annarra þá Sigurbjörn Einarsson biskup og dr. Benjamín J. Eiríksson hagfræðing. MYND/ÁGÚST ÞORGEIRSSON

Þessa stundina er ég að verja frítíma mínum í að uppfæra hliðarskrár Íslendingabókar með því að bæta við upplýsingum úr bændatölum frá 18. öld.

Friðrik Skúlason, áhugamaður um ættfræði

Af þeim sökum hef ég ekki hugmynd um hverjir eru með honum á myndinni sem er bagalegt," segir ættfræðigrúskarinn.

Íslendingabók er vel lesin. „Á venjulegum degi eru um það bil fimm hundruð að skoða vefinn á hverjum tíma og nokkur þúsund á hverjum degi. Svo finnum við fyrir því þegar fólk er í kastljósi fjölmiðla út af einhverju að flettingar aukast á þeim einstaklingi," rekur Friðrik.

Einnig segir Friðrik aukningu í kringum ættarmót á sumrin og fyrir jól þegar fólk sé að skrifa jólakortin. Þá er fólk að afla sér réttra upplýsinga til að setja í kortin.

„Þessa stundina er ég að verja frítíma mínum í að uppfæra hliðarskrár Íslendingabókar með því að bæta við upplýsingum úr bændatölum frá 18. öld," segir Friðrik spurður hvað hann sé sýsla.

hjorvaro@frettabladid.is

GÓÐIR FARÞEGAR

NÆSTA STOPP

ER ÓKEYPIS ÁSTANDSSKOÐUN Á BREMSUBÚNAÐI



Toyotaeigendur fá ástandsskoðun á bremsubúnaði án endurgjalds til 30. apríl og afslátt af vinnu, bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum til ísetningar á staðnum.

Ekki missa af þessu stoppi!

Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

Engin vandamál – bara lausnir

Sökuðu ráðherrana um að tefja mál og endurflytja í eigin nafni

STJÓRNMÁL Þingmenn stjórnarandstöðunnar voru harðorðir á Alþingi í gær vegna fjögurra stjórnarmála sem eru sambærileg eldri þingmannafrumvörpum.

Er þar meðal annars um að ræða frumvarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta. Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, lagði fram sambærilegt frumvarp í fyrra sem fellt var.

Annað er frumvarp Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur um barnaníðsefni og hatursorðræðu sem Þorbjörg Gunnarsdóttir, þingmaður Viðreisnar, hafði lagt fram.

Hver þingmaðurinn á fætur öðrum fordæmdi vinnubrögðin. Þau væru vanvirða við störf alþingismanna og hefðu valdið töfum á fullbúnum réttarbótum um allt að einu ári.

„Það sem ríkisstjórnin býður okkur nú upp á er endurflutningur. Vegna þess að fólk er svo ofboðslega fast í þeim förum að ekki megi samþykkja tillögur ef þær koma úr vitlausri átt," sagði Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata.

> **Gilda ekki sömu reglur um ráðherra?**
>
> Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar

Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar, sagði stjórnarfrumvörpin efnislega að minnsta kosti 95 prósent eins og eldri frumvörp. Eitt þeirra væri í nefnd.

„Okkur þingmönnum er uppálagt að leggja ekki fram frumvörp ef sams konar frumvarp er þegar til meðferðar hjá þinginu. Gilda ekki sömu reglur um ráðherra?" spurði Jón.

Við framsögu á frumvarpi um neysluskammta sagði Svandís að frumkvæði Pírata í því máli yrði haldið til haga. „Þetta frumvarp byggir að hluta til á þeirri vinnu og þeim umsögnum sem bárust við frumvarpinu," sagði ráðherra. **– khg**

Play sækir yfir fimm milljarða

VIÐSKIPTI Flugfélagið Play hefur tryggt sér nýtt hlutafé frá breiðum hópi innlendra fjárfesta, meðal annars lífeyrissjóða, að fjárhæð meira en fimm milljarðar króna.

Í hópi þeirra fjárfesta sem munu leggja hinu verðandi flugfélagi til nýtt fjármagn eru Stoðir, eitt umsvifamesta fjárfestingafélag landsins, eigendur eignarhaldsfélagsins Langasjós, sem á heildverslunina Mata og fjárfestingafélagið Brimgarða, félagið Fiskisund, sem Einar Örn Ólafsson, fjárfestir og fyrrverandi forstjóri Skeljungs, fer fyrir, lífeyrissjóðirnir Birta og Lífsverk ásamt verðbréfasjóðum í stýringu Akta.

Birgir Jónsson, nýr forstjóri Play.

Á undanförnum vikum hefur staðið yfir lokað hlutafjárútboð, sem Arctica Finance hafði umsjón með, en því lauk síðastliðinn föstudag þar sem fjárfestar skráðu sig fyrir samanlagt meira en 40 milljónum Bandaríkjadala, eins og greint var frá á vef Fréttablaðsins í gær.

Hinir nýju fjárfestar að Play munu eignast mikinn meirihluta í félaginu.

Þá er stefnt að skráningu félagsins á First North-markaðinn í Kauphöllinni, sem er áformað að verði í júní, en samhliða því hyggst Play sækja sér um 20 milljónir dala í aukið fjármagn til viðbótar.

Birgir Jónsson, sem var síðast forstjóri Íslandspósts en hefur einnig starfað sem forstjóri Iceland Express og aðstoðarforstjóri WOW air, hefur tekið við sem forstjóri flugfélagsins.

Play er með vilyrði um þrjár Airbus A321 leiguflugvélar til þess að hefja áætlunarflug til og frá Íslandi. **– hae**

Selir drukkna í stórum stíl í netum grásleppuveiðimanna

Íslendingar fengu frest vegna kórónaveirufaraldursins til að koma í veg fyrir dráp á selum sem meðafla fiskveiðimanna. Loka átti á innflutning fiskafurða til Bandaríkjanna um næstu áramót þar sem Íslandi hefur ekki tekist að koma til móts við kröfur í þessum efnum. Illa gengur að fæla selina frá veiðarfærum.

LÍFRÍKI Sérfræðingar hafa áhyggjur af miklum fjölda spendýra og sjófugla sem drukkna árlega í veiðarfærum við strendur Íslands. Tegundir á válista stjórnvalda finnast iðulega í netunum og eru grásleppuveiðar í einhverjum tilvikum helsta dánarorsök dýra í útrýmingarhættu.

„Við höfum áhyggjur af meðafla í grásleppuveiðum, sérstaklega á selum, þar sem stofnarnir eru litlir hjá okkur vegna ofveiði á árum áður," segir Guðjón Már Sigurðsson, sjávarlíffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.

Guðjón bendir á að á árunum 2014 til 2018 hafi uppreiknaður fjöldi sela sem veiddust í grásleppunet verið 2.695 dýr. Þar af voru 1.389 landselir sem taldir eru í bráðri útrýmingarhættu

Landselastofninn er metinn vera um 9.400 dýr. Helsta dánarorsök landsela er drukknun í veiðarfærum.

„Lítið sem ekkert er hægt að gera til að koma í veg fyrir að selirnir festist í netunum," segir Guðjón.

Ýmislegt hefur verið prófað. Hljóðmerki, sem virka til að mynda vel til að fæla smáhvali, höfrunga og hnísur frá netunum, hafa takmörkuð áhrif á selina „Selirnir fara bara frá í nokkra daga áður en þeir koma aftur að rannsaka málið. Þeir eru svo klárir," útskýrir Guðjón.

Frá árinu 2019 hefur bein veiði á selum verið bönnuð nema sótt sé um undanþágu fyrir nytjaveiðar.

„Selirnir sem veiðast sem meðafli í netin eru almennt ekki nýttir og detta yfirleitt úr netunum áður en þeir eru dregnir um borð," segir Sandra M. Granquist, deildarstjóri líffræðirannsóknarsviðs hjá Selasetrinu.

Mikill fjöldi sela er sagður villast í net veiðimanna hér við land á hverju ári og drukkna þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Lítið sem ekkert er hægt að gera til að koma í veg fyrir að selirnir festist í netunum.**
>
> Guðjón Már Sigurðsson, sjávarlíffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun

Hafrannsóknastofnun heldur utan um tölulegar upplýsingar um spendýr og sjófugla sem veiðast í grásleppunet. Tölurnar byggja á skrásetningu eftirlitsmanna Fiskistofu sem fara með um borð í um það bil tvö prósent túra á veiðitímabilinu.

Tölurnar eru því ekki mjög nákvæmar og þarf að uppreikna fjölda spendýra út frá þeim meðafla sem veiðist þegar eftirlitsmenn eru um borð.

Þrátt fyrir að skráningarskylda sé þegar selir veiðast bendir Guðjón á að skipstjórar skrái ekki alltaf meðaflann hjá sér og þess vegna sé heildarfjöldinn einungis reiknaður út frá tölum Fiskistofu

„Skipstjórar hafa ýmsar ástæður til að skrá þetta ekki hjá sér og þess vegna geta tölurnar breyst töluvert milli ára," segir Guðjón.

Tiltölulega nýbyrjað er að fylgjast með meðafla á kerfisbundinn hátt og erfitt að meta hvort aflinn sé að aukast eða minnka milli ára.

Fjöldi spendýra sem meðafli við Íslandsstrendur vekur ekki einungis áhyggjur sérfræðinga hér á landi.

Til stóð að loka á útflutning íslenskra fiskafurða til Bandaríkjanna þann 1. janúar 2022 þar sem Íslendingum tókst ekki að standast nýjar kröfur Bandaríkjanna í þessum efnum.

Nýlega fékk Ísland ársfrest vegna heimsfaraldursins. Gafst þá aukinn tími til að sýna að hægt væri að minnka fjöldann. Náist ekki að draga úr dráðinu verður endurskoðun á útflutningsbanni ekki möguleg fyrr en fjórum árum eftir að bann tekur gildi í byrjun árs 2023

kristlin@frettabladid.is

Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

2017-2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

2016 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

VÖNDUÐ &
VISTVÆN VIÐARGÓLF
KÄHRS PARKET BORÐLEGGJANDI GÆÐI

EIK STURE

Svansvottað parket

Birgisson®

Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Segja upplýsingarnar varða fjárhags- og viðskiptahagsmuni

SAMFÉLAG Happdrætti Háskóla Íslands segir ástæðu þess að félagið hafi neitað að afhenda Samtökum áhugafólks um spilafíkn (SÁS) afrit af gögnum sem borist hafa dómsmálaráðuneytinu á tíu ára tímabili þá að gögnin innihaldi upplýsingar um mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá hyggst SÁS kæra ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um að afhenda ekki gögn um úrbætur og spilakort sem samtökin óskuðu eftir í erindi til ráðuneytisins þann 18. febrúar síðastliðinn.

Samtök áhugafólks um spilafíkn hafa kallað eftir því að spilakössum á Íslandi verði lokað og hefur fjöldi fólks deilt sögum sínum um spilafíkn og þá neyð sem hún skapar undanfarnar vikur á heimasíðu samtakanna.

Íslandsspil og Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) sem fara með rekstur spilakassa hér á landi hafa svarað því kalli með umræðu um spilakort sem virka þannig að spilarar spili með fyrirfram greiddum spilakortum. Þannig megi stjórna betur þeim fjárhæðum sem spilað er fyrir.

SÁS hyggst kæra ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um að afhenda ekki gögn um úrbætur og spilakort.

Í svari dómsmálaráðuneytisins við beiðni SÁS segir að samkvæmt upplýsingalögum skuli veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum en óheimilt sé að veita aðgang að gögnum um einkaeða fjárhagsmálefni einstaklinga „sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem eigi í hlut“. Sömu takmarkanir gildi um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja.

„Þetta er ástæða þess að HHÍ hefur lagst gegn því að ráðuneytið afhendi umrædd gögn,“ segir Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri Happdrættis Háskólans, aðspurð um ástæðu þess að neitað hafi verið að afhenda gögnin. **– bdj**

Rafmyntanámur falla ekki í kramið í Innri-Mongólíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rafmyntir ógna markmiði um kolefnisjöfnuð

KÍNA Samkvæmt nýrri rannsókn, birtri í tímaritinu Nature, ógnar gröftur rafmynta í Kína þeim loftslagsmarkmiðum landsins að ná hámarks kolefnisútblæstri fyrir 2030 og verða að fullu kolefnisjafnað árið 2060. Áttatíu prósent af rafmynt eru grafin upp í kínverskum námum sem eru að 40 prósentum knúin áfram með brennslu kola.

Árið 2024 gætu kínverskar rafmyntanámur valdið jafn miklum útblæstri og Sádi-Arabía.

Í rannsókninni kemur fram að ef núverandi þróun heldur áfram muni kínverskar rafmyntanámur kosta loftslagið rúmlega 130 milljónir tonna af kolefnislosun árið 2024. Er það sambærilegt við heildarlosun Sádi-Arabíu eða Ítalíu.

Verð Bitcoin hefur fimmfaldast á árinu sem hefur leitt til meiri eftirspurnar og meiri námavinnslu. Héraðsstjórnir í héruðum sem hafa mikla kolabrennslu, eins og Innri-Mongólía, eru nú að reyna að koma rafmyntanámunum burt til þess að ná settum útblástursmarkmiðum. En þó að viðskipti með rafmyntir hafi verið gerð ólögleg í landinu til að stemma stigu við peningaþvætti er námagröfturinn enn þá leyfður. **– khg**

Léttara andrúmsloft þegar Bretar opnuðu dyrnar á ný

Bretar opnuðu verslanir, hárgreiðslustofur, líkamsræktarstöðvar og krár í gær eftir rúmlega þriggja mánaða útgöngubann. Góður andi sveif yfir Bretlandseyjar og segja tvær íslenskar konur, önnur í Manchester og hin í London, að það hafi verið merkjanlegur munur. Það var gleði í loftinu um allt England.

BRETLAND „Ég fann alveg öðruvísi andrúmsloft. Ég skutlaði dóttur minni í leikskólann og það var léttara yfir öllum,“ segir Hólmfríður Björnsdóttir lögfræðingur sem búsett er í Manchester. Bretar tóku fyrsta skrefið í að aflétta ströngum sóttvarnareglum í gær við mikinn fögnuð landsmanna enda höfðu þær varað í rúma þrjá mánuði. Allt annað en fyrirtæki sem seldu nauðsynjavörur hefur verið lokað þar til í gær.

Bryndís Silja Pálmadóttir, sem er búsett í London, hefur sömu sögu að segja. „Það voru auðvitað allir spenntir fyrir því að pöbbar og veitingastaðir yrðu opnaðir aftur. Allt er að verða eðlilegra hérna með hverjum deginum. Ég er ekki búin að fara niður í bæ en hef séð myndir af löngum röðum á Oxfordstræti og þessum stóru götum þar sem fólk er að bíða eftir að komast í búðirnar, sem eru búnar að vera lokaðar síðan rétt fyrir jól. Svo eru held ég margir glaðir að komast í klippingu og ræktina,“ segir hún.

Fréttamiðlar ytra sögðu frá þessum röðum í verslanir og að sumir hefðu jafnvel mætt á barinn þegar hann var opnaður eina mínútu yfir miðnætti enda Guinness af dælu töluvert betri en úr dósinni. Boris Johnson forsætisráðherra bað fólk að haga sér skynsamlega.

„Það er alveg klárlega hægt að finna að Lundúnabúar eru spenntir fyrir opnununum og þessum breytingum. Það sést bara á því að það er nánast ómögulegt að fá borð á pöbbum og veitingastöðum næstu vikurnar. Tveir af uppáhalds stöðunum okkar í London eru uppbókaðir á kvöldin margar vikur fram í tímann, en ætli við reynum ekki að mæta og vona það besta bara,“ segir Bryndís.

Fólk á The Peterboat-pöbbinum naut þess að geta loksins farið út að borða hádegisverð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Það er alveg klárlega hægt að finna að Lundúnabúar eru spenntir fyrir opnununum.

Bryndís Silja Pálmadóttir

Þegar hún gekk í skólann í gærmorgun virtist allt frekar venjulegt, nema auðvitað að búðir voru nú opnar og virtist nóg að gera á þeim pöbbum sem hún gekk fram hjá.

„Reglurnar fram í maí eru þannig að veitingastaðir og barir geta bara boðið fólki upp á mat úti, þannig að það er auðvitað bitist mest um staði sem eru með góð útisvæði. Mér skilst líka að borgin sé að gera meira í því að aðstoða veitingastaði og bari við að koma upp útisvæðum. Á meðan veðrið er gott er þetta alls ekki vitlaus hugmynd og margir staðir eru komnir með hitara og yfirbyggð svæði ef það skyldi rigna,“ segir Bryndís.

Hólmfríður og unnusti hennar, knattspyrnukappinn Jóhann Berg Guðmundsson, eignuðust barn í lok janúar svo hún var meira og minna inni hvort sem er. Ástandið hefur því ekki leikið hana mjög grátt. „Auðvitað var svolítið leiðinlegt að geta ekki farið aðeins út en að öðru leyti var þetta allt í lagi. Það verður alveg gaman að geta hreyft sig aðeins meir.“

Hún segir að breytingin sem hún hafi fundið hafi verið sú að það var meiri umferð og raðir fyrir framan allar búðir. „Ég er ekki frá því að það sé mikill léttir í lofti og fólk almennt glatt og ánægt með að það sé búið að opna.“ **benediktboas@frettabladid.is**

FASTEIGNASALAN TORG

Kraftur, **traust** og árangur

Hringdu núna
520 9595

Hafliði Halldórsson
Sími: 846 4960

PRIMAVERA
FURNITURE

JUNE

FRÁ PRIMAVERA

Ný sending og nýir litir. Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá Vogue fyrir heimilið. JUNE er fáanlegur í fjölmörgum útgáfum, mismunandi áklæðum og litum.

Verð frá 139.800 kr.
2ja sæta sófi

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Sextíu og tvö

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Fyrsti singúll Bítlanna, Love me do, kemur út en sveitin slær þó ekki í gegn fyrr en árið eftir. Ellý Vilhjálms skemmtir gestum í Glaumbæ, Marilyn Monroe finnst látin á heimili sínu, John F. Kennedy er forseti Bandaríkjanna og Ásgeir Ásgeirsson hefur setið á forsetastóli hérlendis í áratug. Og menn höfðu aldrei stigið fæti á tunglið.

Heimurinn árið 1962 var annar en við þekkjum hann í dag, á tæpum sex áratugum má segja að allt hafi breyst og þá ekki síst fjölskylduformið sem á þeim tíma var sirka: Mamma, pabbi, barn og bíll. Hjónaskilnaðir, sem þá voru ekki aðeins sjaldgæfir heldur fylgdi þeim ákveðin skömm, þykja í dag varla tiltökumál. En þrátt fyrir þessar stórkostlegu breytingar á því hvernig við lítum á fjölskylduna, hjónabandið og barneignir, þá búum við enn við hjúskaparlög sem sett voru árið 1962, þegar Bítlarnir voru ekki orðnir frægir og menn vissu ekkert hvernig umhorfs er á tunglinu.

Í helgarblaði Fréttablaðsins um síðustu helgi mátti lesa frásögn Heiðu Bjargar Scheving sem missti sambýlismann sinn til þrettán ára skyndilega. Þau voru ógift og áttu ekki börn saman svo systkini hans erfðu hann til fulls. Þau fóru fram á að Heiða væri borin út af sameiginlegu heimili þeirra sem jafnframt var vinnustaður þeirra beggja og skaffaði þeim lífsviðurværi. Þau höfðu ætlað að ganga í hjónaband en hann lést áður en af því varð og hún því algjörlega réttindalaus þegar kom að því að skipta eignum hans.

Hún ákvað að láta reyna á málið fyrir dómstólum sem komust að þeirri niðurstöðu að hún ætti rétt á helmingi eigna hans en beðið er niðurstöðu áfrýjunar til Landsréttar. Niðurstaðan var sannarlega eins góð og hún þorði að vona en frá fráfalli manns hennar hefur hún staðið í stappi til að ná fram rétti sínum. Þeim tíma hefði hún líklega viljað verja í annað, fá frið til að syrgja maka sinn og byggja líf sitt upp að nýju.

Samkvæmt Hrefnu Friðriksdóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, er full ástæða til að endurmeta hjúskaparlögin og getum við horft til hinna Norðurlandanna í þeim efnum, þar sem hafi verið meiri umræða og breytingar. Umræðan er að minnsta kosti klárlega þörf. Þó svo að vel megi vera að nauðsyn krefji að munur sé á sambúð og hjónabandi þá er mikilvægast að fólk sé meðvitað um hvað það felur í sér að velja annan kostinn.

Sambúðarfólk getur aldrei tryggt sér sambærilegan rétt og fólk sem er í hjúskap samkvæmt lögum. Það er staðreynd sem við verðum að vera meðvituð um enda sögur eins og Heiðu Bjargar alltof algengar.

Við viljum eðlilega lítið hugsa út í það að við gætum skyndilega fallið frá, það er flestum okkar framan af fjarlæg staðreynd.

En hún er það samt – staðreynd.

> Sambúðarfólk getur aldrei tryggt sér sambærilegan rétt og fólk sem er í hjúskap samkvæmt lögum.

Halldór

Frá degi til dags

Skilgreiningaratriði

Össur Skarphéðinsson kvaddi sér hljóðs á Facebook um helgina til þess að lýsa frati á bóluefnið frá AstraZeneca og velti því upp hvort ekki væri betra að veðja alfarið á Pfizer. „Það virðist eðal metall," sagði Össur sem telur sjálfan sig í áhættuflokki en hefur „engan áhuga á að vera píndur til að opna æðar" fyrir draslinu frá AstraZeneca. Hægrisinnaði háðfuglinn Baldur Hermannsson reyndi að róa Össur í athugasemd með þeim orðum að hann vissi ekki hvernig Össur skilgreinir sig „en ef þú ert ekki kona undir þrítugu ættirðu að sleppa ...."

Bábiljum hafnað

Baldur virðist annars nokkuð hallur undir hörku í sóttvörnum, ólíkt þeim órólegustu hans megin í pólitíkinni, og lýsir á eigin Facebook-vegg yfir að kristaltært sé að vel upplýst íslensk þjóð treysti vísindunum og „liðsoddum þeirra sem eru Þórólfur, Alma og Kári". Þá lýsir hann yfir sigri vísindanna á „bábiljum, hindurvitnum og kerlingabókum" sem hafi verið víkjandi í tæp 300 ár í kjölfar upplýsingastefnunnar. „Ég tek undir með Kára Stefánssyni: þeim stjórnmálamönnum sem stefna heilbrigði þjóðarinnar í háska ber að refsa harðlega, fyrst og fremst í prófkjörum en ef það hrekkur ekki til, þá í kosningum." toti@frettabladid.is

Heggur sá er hlífa skyldi

Sigurður Páll Jónsson
þingmaður fyrir Miðflokkinn í Norðvesturkjördæmi

Rauði kross Íslands, Landsbjörg og Háskóli Íslands gegna mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar enda starfa þessar stofnanir í þágu mennta og mannúðar. Það er hins vegar alvarlegur ljóður á ráði þeirra að þær afla sér tekna með aðferð sem nýtir sér spilafíkn og beinlínis elur á henni. Því verður að linna en best fer á því að þessar stofnanir fylgi fordæmi SÁÁ og hætti þessari starfsemi sjálfviljugar. Finna verður aðrar leiðir við að fjármagna þær.

Það ætti að ýta við umræddum samtökum að auglóslega er ríkulegur vilji meðal almennings í landinu til að þarna verði breyting á. Ríflega 85% þeirra sem tóku afstöðu í könnun, sem gerð var fyrir Samtök áhugafólks um spilafíkn á síðasta ári, vilja að spilakössum verði lokað til frambúðar. Um 70% þeirra sem tóku afstöðu í könnuninni reyndust frekar eða mjög neikvæð gagnvart því að starfsemi í almannaþágu sé fjármögnuð með spilakössum. Á þeim tíma var rekstraraðili kassanna í eigu Rauða krossins, Landsbjargar og SÁÁ. Eins og áður sagði þá kaus SÁÁ að draga sig út úr starfseminni og er ég mjög stoltur af þeirri ákvörðun vina minna hjá samtökunum.

Þegar nánar er skoðað blasir við að lítill en viðkvæmur hópur spilafíkla stendur undir stórum hluta þessarar fjáröflunarleiðar. Þarna er um að ræða hóp veiks fólks sem kallar yfir sig og fjölskyldur sínar miklar hörmungar. Fyrir skömmu var greint frá því að Samtök áhugafólks um spilafíkn hefðu ákveðið að höfða mál gegn Háskóla Íslands. Í lögfræðiáliti sem samtökin hafa látið vinna segir að rekstur spilakassa sé kominn langt út fyrir þá heimild til fjárhættuspils sem Happdrætti Háskóla Íslands er veitt í lögum. Þar segir að Happdrættið hafi ekki heimild til þess að láta annan aðila sjá um reksturinn og að allur ágóði eigi að renna til skólans. Nú er ljóst að Háskóli Íslands ætlar að verjast fyrir dómstólum. Innan Háskóla Íslands starfar sérstök Siðfræðistofnun. Eru sérfræðingar hennar sáttir við hvernig þessari fjáröflun er háttað? Er rétt að beita lagahyggju við lausn siðferðilegra álitamála? Er ekki mál að linni?

> Þarna er um að ræða hóp veiks fólks sem kallar yfir sig og fjölskyldur sínar miklar hörmungar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Steypuklumpur við Suðurlandsveg

Kristján Einarsson
f.v. í hinu og þessu í Árnessýslu

Eitt er laglegt skilti við hreppamörk, en að setja mannvirki af stærri gerðinni við öll hreppamörk er heldur mikið í lagt.

Vegfarendur á leið austur fyrir fjall um Sandskeið hafa eflaust tekið eftir því að stærðar steypuveggur, ca. 3 m á hæð og 10 m á lengd, hefur risið upp úr hrauninu ca. 10 metra frá þjóðveginum.

Þarna er Ölfushreppur að láta setja upp skilti sem á að hafa letrunina „Ölfus“. Fyrirhugað er að hafa skilti þetta upplýst.

Ég get ekki orða bundist varðandi gjörninginn. Hvað vakir fyrir forráðamönnum þessa annars ágæta hreppsfélags sem í búa ca. 2.240 einstaklingar í þéttbýli og dreifbýli?

Fróðlegt væri að fá fram hvaða leið ráðamenn fóru innan kerfisins til að ná fram svo afgerandi inngripi í umhverfi Sandskeiðs og Svínahrauns.

Árið 2001 var samþykkt í Héraðsnefnd Árnessýslu að setja upp sýsluskilti við allar megin leiðir inn í Árnessýslu. Fengin var fær hönnuður til að teikna skiltið sem var 1,4 m á hæð og hafist var handa að koma þeim upp í samvinnu með Vegagerðinni.

Tvö skilti náðu að komast upp, eitt á þeim stað þar sem Ölfusskiltið rís núna og annað við Þjórsárbrú. Fyrirhugað var að setja upp skilti á allar innkomur í sýsluna.

Skiltið við Sandskeið varð jarðýtu að bráð, Vegagerðarmenn hirtu ekki um að setja það upp aftur. Eins fór um skiltið við Þjórsábrú. Skiltin enduðu í geymslu Vegagerðarinnar á Selfossi og eru þar e.t.v. enn. Við eftirgrennslan sögðu Vegagerðarmenn það hreint út að þeim væri illa við skilti hér og þar við vegi landsins. Hvað varðar sýslumerki þá væru þeir með eitt „ríkisskilti“ sem sett er upp við sýsluskil.

Nokkrir hreppar hafa komið upp skiltum við hreppamörk þar sem vegfarendur eru boðnir velkomnir í hreppinn. Lítil og lagleg skilti sem ekki ráða miklu í umhverfinu.

En það má öllu ofgera, steypuklump af stærri gerðinni sem auglýsir smáhreppinn Ölfus. Íbúar þessa ágæta hrepps eru gott og grandvart fólk sem ég hef reynt að öllu góðu. En það hefur hlaupið í forráðamenn hreppsins heldur slæmur smáborgari.

Eitt er laglegt skilti við hreppamörk, en að setja mannvirki af stærri gerðinni við öll hreppamörk er heldur mikið í lagt. Þetta gæti raungerst.

Ég get ekki varist þeirri hugsun að allir forráðamenn hreppa landsins fylltust þessu fítóns mikilmennskubrjálæði og settu upp steypuklumpa með ljósa-„sjói“. Þetta væru u.þ.b. 70 klumpar um allt land.

Við hverju megum við búast, t.d. svipuðu ljósaskilti í Kömbum sem á stæði „Hveragerði“?

Nú væri áhugavert að heyra hvað ráðamenn umhverfismála segðu um fordæmið sem felst í þessum gjörningi.

Hvað verður um klumpinn þegar sveitarfélög sameinast? Eru þá settar auglýsingar á skiltið sem trufla vegfarendur eins og skiltið við innkomu að Selfoss.

Það er með ólíkindum hvað heyrist lítið þegar hróflað er við náttúrunni á leiðinni frá Reykjavík að Kambabrún. Hellisheiðarvirkjun reis upp án mikillar andstöðu þrátt fyrir stöðvarhúsin og rörin sem liggja um allt og eru hreint ekki falleg.

Lambafellið, fjallið stóra við Þrengslavegamót, það er á leið til Reykjavíkur í nánast heilu lagi í endalausri bílalest stórra vörubíla sem eru hvimleiðir í umferðinni. Frá þeim leggur skítugur jarðvegur sem litar veginn svo kílómetrum skiptir og bónglansinn fer af öllum bílum sem um veginn fara.

Fáir í hundrað og einum (póstnr. 101) hafa gert athugasemdir sem einhverju nemur varðandi það sem hér hefur verið talið upp.

Minnisstæður er sá darraðardans sem varð í tengslum við malarnám í Ingólfsfjalli sem þó er smá brot af því sem viðgengst á og við Hellisheiði í gegnum tíðina, þá heyrðist vel í 101.

Það væri óskandi að ráðamenn, aðrir en forráðamenn Ölfuss, skoðuðu þetta furðulega skiltamál með tilliti til margfeldisáhrifa við þjóðvegi landsins með tilkomu þess.

Iðjuþjálfar fagna nýlegu áliti umboðsmanns Alþingis

Þóra Leósdóttir
formaður Iðjuþjálfafélags Íslands

Þann 12. mars síðastliðinn var haldinn aðalfundur Iðjuþjálfafélags Íslands (IÞÍ). Fundurinn samþykkti ályktun þar sem áliti umboðsmanns Alþingis varðandi hvað teljast nauðsynleg hjálpartæki fyrir fatlað fólk var fagnað:

„Aðalfundur IÞÍ 2021 fagnar sérstaklega nýlegu áliti umboðsmanns Alþingis um að túlkun úrskurðarnefndar velferðarmála á því að hjálpartæki sé ekki nauðsynlegt ef sjúkratryggð manneskja kemst af án þess, þrengi með fortakslausum hætti að þeim tilgangi og undirliggjandi réttindum sem lög nr. 112/2008 ná yfir.

Iðjuþjálfar hér á landi hafa árum saman barist fyrir því að fatlað fólk á öllum aldri fái sanngjarna styrki til að kaupa hjálpartæki sem efla iðju þess og þátttöku í samfélaginu, auka lífsgæði og bæta heilsu.

Álitið er afar þýðingarmikið í ljósi mannréttinda og þeirrar kröfu að allt fólk njóti jafnra tækifæra til iðju sem er því mikilvæg í daglegu lífi.“

Fundurinn vel sóttur

Aðalfundur iðjuþjálfa var rafrænn á Zoom og vel sóttur miðað við aðstæður. Hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá. Kosið var í stjórn og nefndir auk þess sem ný heildarlög félagsins voru samþykkt. Nýju lögin fela í sér töluvert breytt skipulag á starfsemi félagsins. Formaður IÞÍ er Þóra Leósdóttir og hefur hún gegnt formennsku síðan 2019. Þóra var sjálfkjörin til næstu tveggja ára þar sem ekki barst mótframboð til embættisins. IÞÍ var stofnað í mars 1976 af tíu stofnfélögum og fagnar því 45 ára afmæli í ár. Félagsfólk er alls 365 talsins og starfar flest á opinberum vinnumarkaði hjá ríki, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum eða félagasamtökum. Hlutfall þeirra sem starfa sjálfstætt og á almennum markaði fer vaxandi en Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða almennt ekki iðjuþjálfun líkt og gert er með sjúkraþjálfun og talþjálfun.

Hjálpartæki eru mannréttindi

Skjólstæðingar iðjuþjálfa eru fólk á öllum aldri sem glímir við margs konar iðjuvanda. Iðjuþjálfar vinna út frá þeirri sýn að samspil iðju, manneskju og umhverfis skipti öllu máli fyrir lífsgæði, heilsu og þátttöku. Iðjuþjálfar eru ein af lykilstéttum endurhæfingar og líta svo á að endurhæfing sé valdeflandi samstarfsferli þar sem full þátttaka og hlutdeild í samfélaginu eru mannréttindi. Þannig er gott aðgengi að hjálpartækjum og aðlögun umhverfis nauðsynlegt til að fatlað fólk geti lifað sem best án hindrana og notið sömu tækifæra og ófötluð.

Fjögurra ára háskólanám

Nám í iðjuþjálfun fer fram í Háskólanum á Akureyri, tekur fjögur ár og er samtals 240 ECTS-einingar. Námið skiptist í þriggja ára grunnnám til BSc.-gráðu og framhaldsnám til starfsréttinda sem er eitt ár á meistarastigi. Að því loknu getur viðkomandi sótt um leyfi hjá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjuþjálfi hér á landi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi iðjuþjálfa. Þar takast nemendur á við raunveruleg viðfangsefni með fólki á öllum aldri og fá þjálfun og undirbúning fyrir iðjuþjálfastarfið. Iðjuþjálfunarfagið byggir á gagnreyndum vísindum og viðurkenndu verklagi. Því er spáð að eftirspurn eftir iðjuþjálfum muni aukast verulega í náinni framtíð um allan heim og lítið sem ekkert atvinnuleysi er í stéttinni.

Gildi – lífeyrissjóður
Rafrænn ársfundur 2021

Ársfundur Gildis verður haldinn fimmtudaginn 15. apríl klukkan 17:00. Vegna sóttvarnarráðstafana verður fundurinn að fullu rafrænn. Nánari upplýsingar á www.gildi.is.

Dagskrá:
- Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
- Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Vakin er athygli á að allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórn Gildis–lífeyrissjóðs.

GILDI
Lífeyrissjóður www.gildi.is

APÓTEK LYFSALANS

Glæsibær

Vesturlandsvegur

Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

13. APRÍL 2021 ÞRIÐJUDAGUR

Okkar elskaði eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og tengdasonur,

Haukur Ottesen

íþróttakennari,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 8. apríl. Að ósk hins látna verður jarðað í kyrrþey.

Guðlaug Þorgeirsdóttir

Ester Ottesen — **Birgir Ólafsson**
Haukur — **Andrea**
Hildur Ottesen — **Emma og Leó**
Erla Ottesen — **Guðni Kjartansson**
Örn Ottesen — **Þórunn Oddsdóttir**

Þórhildur Sæmundsdóttir

Elsku hjartans eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og besti afi í heimi,

Halldór Jörgen Gunnarsson

frá Vestmannaeyjum,

sem lést 2. apríl, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 16. apríl klukkan 13 að viðstaddri nánustu fjölskyldu. Streymt verður frá útförinni frá heimasíðu Víðistaðakirkju.

Jóhanna Inga Hjartardóttir

Margrét Rut Halldórsdóttir — **Viktor Ingi Ingibergsson**
Gunnar Ásgeir Halldórsson — **Kolbrún Marín Wolfram**
Hjörtur Ingi Halldórsson — **Ída María Halldórsdóttir**

Erla Rut, Halldór Breki og Eldey Inga.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurlaug Jónsdóttir

Vöglum, Fnjóskadal,

síðar til heimilis að Miðleiti 7, Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 27. mars. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 15. apríl kl. 13.00. Vegna aðstæðna verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd en athöfninni verður streymt frá promynd.is/sigurlaug

Sigríður Ísleifsdóttir, Jón Ísleifsson, Jóhann Ísleifsson, Sumarliði Ísleifsson, Sigurður Ísleifsson, Rúnar Ísleifsson tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hans Georg Bæringsson

málarameistari, frá Ísafirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 8. apríl. Útför auglýst síðar.

Hildigunnur Lóa Högnadóttir
Hilmar Þór Georgsson
Íris Georgsdóttir — **Júlíus G. Gunnlaugsson**
Halldór Högni Georgsson

barnabörn og barnabarnabarn.

Útför okkar ástkæru

Ketilríðar Benediktsdóttur

frá Efra-Núpi, Miðfirði, V-Hún.,

fer fram í Bústaðakirkju föstudaginn 16. apríl, kl. 13.00. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt á vefnum: mbl.is/andlat undir liðnum: Beinar útsendingar frá útförum.

Sigbjörn Hamar Pálsson
Hjörtur Líndal Jóhannsson
Benedikt Líndal Jóhannsson — **Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir**
Ingunn Sara Sigbjörnsdóttir
Sólrún Sigríður Sigbjörnsdóttir — **Brian S. Campbell**

barnabörn og barnabarnabarn.

Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og barnabarn,

Egill Valgeirsson

Kambahrauni 25, Hveragerði,

varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 8. apríl. Jarðarför verður auglýst síðar.

Valgeir Ásgeirsson — **Þórunn Sigurðardóttir**
Sigurður Valgeirsson — **Sunna Björk Karlsdóttir**
Valur Rafn Valgeirsson — **Díana Björk Olsen**
Sigurður Sigurdórsson — **Erla Ragnarsdóttir**

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Kristinsdóttir

frá Brautarholti / Fallandastöðum Hrútafirði,

lést á sjúkrahúsinu Akranesi, 9. apríl. Útför hennar verður auglýst síðar.

Björn Ingi Sverrisson — **Margrét K. Guðmundsdóttir**
Kristín Anna Sverrisdóttir
Ásgeir Sverrisson — **Kathrin Schmitt**
Alda Berglind Sverrisdóttir — **Lárus Jón Lárusson**

ömmubörn og langömmubörn.

Ástkær móðir okkar, systir og mágkona,

María Sigríður Ingibjartsdóttir

lést 25. mars á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin fór fram þann 8. apríl. Í ljósi aðstæðna voru aðeins nánustu viðstaddir.

Kristján Haukur Magnússon
Ingibjört Eva Magnúsdóttir
Barði Ingibjartsson — **Oddný Elínborg Bergsdóttir**
Guðrún Björg Ingibjartsdóttir
Björn Ingibjartsson

og aðrir ástvinir.

Merkisatburðir

1203 Guðmundur Arason hinn góði er vígður Hólabiskup, 43 ára.

1742 Óratórían Messías eftir Händel er frumflutt í Dyflinni á Írlandi.

1844 Jón Sigurðsson er kosinn á þing með 50 atkvæðum af 52.

1953 Fyrsta skáldsagan um James Bond kemur út í Bretlandi.

1972 Jóhannes S. Kjarval listmálari andast, 86 ára að aldri.

1998 Þrír bankastjórar Landsbankans segja af sér í kjölfar umræðna um laxveiðikostnað og fleira.

1986 Fyrsta barnið sem óskyld staðgöngumóðir hefur gengið með fæðist í Bandaríkjunum.

1997 Tiger Woods verður yngsti kylfingur sögunnar til að vinna á Masters-golfmótinu.

2007 Bílanaust og Olíufélagið ESSO sameinast og stofna fyrirtækið N1.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásgerður Jóhanna Guðbjartsdóttir

Hrísmóum 4, Garðabæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 5. apríl. Útförin fer fram föstudaginn 16. apríl kl. 15. Útförinni verður streymt á: https://youtu.be/ASBs7NUL9mA

Elín Halldóra Jónsdóttir
Erla Petrína Jónsdóttir
Guðbjörn Jónsson — **Gunnhildur Hilmarsdóttir**
Elsa Jónsdóttir — **Árni Benediktsson**
Heiðbjörg Hulda Dahlström
Guðbjartur Jónsson — **Lada Cherkasova Jónsson**
Erla Berit Magnúsdóttir Einarsson
Aldís Drífa Þórðardóttir — **Jóhann Sigurbergsson**
Gunnþór Georg Þórðarson
Ingunn Lind Þórðardóttir — **Sæmundur Ferdinandsson**
Karen Eva Vestfjörð

barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Brynjólfsdóttir

lést á Landspítalanum þann 26. mars. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 16. apríl klukkan 15. Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á https://youtu.be/hWYIZvSgPcc

Brynjólfur Jónsson — **Dagný Guðnadóttir**
Þorlákur Jónsson
Þorgerður Jónsdóttir — **Sigurjón Björnsson**
Jón Erlingur Jónsson — **Anna Stefánsdóttir**
Þuríður Jónsdóttir — **Atli Ingólfsson**

barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær og elskuleg eignkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Hervör Guðjónsdóttir

(Hebba frá Hesti)

lést í faðmi fjölskyldunnar á Hrafnistu, Hraunvangi, föstudaginn langa 2. apríl. Útförin verður auglýst síðar. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Bylgjuhrauni 2. hæð á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umönnun, hjartahlýju, skilning og nærgætni við fjölskylduna.

Guðmundur Knútur Egilsson
Bryndís Guðmundsdóttir — **Árni Sigfússon**
Magnús Guðmundsson — **Kajsa Arena**
Ragnheiður Eygló Guðmundsd. — **Gunnar Salvarsson**
Guðjón Gísli Guðmundsson
María G. Guðmundsdóttir — **Steingrímur Sigurgeirsson**

og barnabörn og langömmubörn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 13. apríl 2021

Hjartagarðurinn var fagurlega skreyttur graffiti-listaverkum þegar sól hans reis sem hæst.

Brostið hjarta miðborgarinnar

Sumarið 2010 varð til eitt skemmtilegasta og áhugaverðasta útisvæði sem borgin hefur nokkru sinni átt; Hjartagarðurinn, einnig nefndur Hljómalindarreiturinn. Reiturinn hafði verið í niðurníðslu þar sem viðamiklar framkvæmdir áttu að hefjast á svæðinu stuttu eftir 2008 en frestuðust um ófyrirséðan tíma. Gert var ráð fyrir hóteli, bílakjallara og upphituðu torgi. Þegar leið á árið 2010 var ekki sjón að sjá svæðið. Húsin í kring voru niðurnídd og plássið var síður en svo fýsilegt.

Grasrótin tekur við sér

Þá gerðist nokkuð sem átti eftir að hrinda af stað listagrósku í grasrót Reykjavíkur. Lítill en ört stækkandi hópur hóf að lappa upp á garðinn. Listafólk skreytti veggina á niðurníddum húsum og fyrr en varði var fólk farið að halda viðburði í garðinum. Boðað var til tónleika, flóamarkaðir voru haldnir, útilistasýningar og gjörningar áttu sér stað. Hjartagarðurinn var fæddur og sló fjörlega í brjósti miðbæjarins. Ungir sem aldnir mættu þangað á fjölbreytta listviðburði og hverja helgi var garðurinn fullur af fólki sem hafði nú tækifæri til þess að kynna sér grasrótina undir berum himni, án aðgöngumiða.

Á haustmánuðum 2012 var botninn sleginn úr gleðitunnunni og borgin kynnti nýtt deiliskipulag á Hljómalindarreitnum. 2013 var garðinum lokað og teiknistofa fékk það verkefni að hanna nýtt torg í brostnu hjarta miðborgarinnar. Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur og það á svo sannarlega við í tilfelli Hjartagarðsins.

johannamaria@frettabladid.is



Umbru Ensemble skipa þær Guðbjörg fiðluleikari, Lilja söngkona, Alexandra Kjeld á kontrabassa og Arngerður píanó- og orgelleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Krassandi skuggahliðar tónlistar

Umbru skipa fjórar klassískmenntaðar tónlistarkonur sem brenna fyrir fornum, krassandi lagstúfum úr gleymdum handritum. Þótt fornt sé á efnið fullt erindi við nútímamanninn.

Umbra varð til árið 2014 úr hópi fjögurra ólíkra kvenna. „Það var einhver kraftur sem dró okkur saman, sameiginlegur og einlægur áhugi á fornri og miðaldatónlist. Við Arngerður María Árnadóttir þekktumst vel fyrir en kynntumst hinum tveimur, Alexöndru Kjeld og Guðbjörgu Hlín Guðmundsdóttur, í gegnum önnur verkefni og fundum fyrir sameiginlegri ástríðu gagnvart þessari tegund tónlistar. Með stofnun hljómsveitarinnar vildum við vinna skapandi með fornan tónlistararf og færa nær hlustendum í nútímanum," segir Lilja Dögg Gunnarsdóttir, hljómsveitarmeðlimur í Umbru.

Klassískur bakgrunnur

„Við höfum allar lært á hljóðfæri frá fimm til sex ára aldri og erum atvinnumenn í dag í tónlist. Í klassíska heiminum er oftast spilað eftir nótum en í Umbru spilum við yfirleitt aldrei eftir nótum. Við komum saman og leyfum sköpunargáfunni að njóta sín. Við hefjum sköpunina á fornri laglínu og vinnum tónverk út frá henni. Þá gerum við okkar útsetningar sjálfar. Þetta er svolítið annað en í klassíska geiranum og við þurftum allar á þessu að halda," segir Arngerður.

„Þetta er mjög náið samstarf og hefur orðið enn nánara með tímanum. Það er líka mjög dýrmætt að við erum allar gerendur. Við erum með skýra sýn sem hefur hjálpað okkur að framkvæma. Þá þurfum við ekki mikið til þess að rúlla boltanum og vitum alltaf hvað þarf að gera næst. Þá erum við mjög listrænar og fjölhæfar og þó svo við séum allar með grunn í ákveðnu hljóðfæri, erum við liðtækar á ýmislegt annað líka," segir Lilja.

Löngu gleymd handrit

Efniviðurinn segir Lilja að komi úr ýmsum áttum. „Við köfum djúpt í heimildir í leit að efnivið. Þá höfum við nýtt okkur fornar heimildir og löngu gleymd handrit frá Orkneyjum og Hjaltlandseyjum. Okkar mottó er að fara alltaf í elstu varð-

veittu geymd. Þar finnum við nótur eða naumur sem er forveri nútíma nótnaskriftar. Einnig höfum við nýtt okkur bókmenntir eins og Eddukvæði þar sem eru ekki til lagboðar. Þá nýtum við okkur lagboða sem passa við hryninn í kvæðunum. Þannig unnum við með sagnadansinn um Ingu lífstuttu fyrir nýju plötuna okkar. Við erum nýbyrjaðar að semja, en þar kemur þekking Arngerðar mjög sterk inn þar sem hún er að útskrifast úr tónsmíðadeild LHÍ," segir Lilja.

Vinnuferlið hjá Umbru er áhugavert og getur eitt lag tekið margar vikur og mánuði að semja og útsetja fyllilega. Að sögn Lilju býr Umbra yfir ákveðnum hljóðheimi sem bindur saman nýtt efni og gamalt og gerir þeim kleift að leita í tónlistararf frá hvaða tíma sem er. „Við höfum alveg leikið okkur með vinsæla tónlist eins og No Surprises með Radiohead og fleira og aðlagað okkar hljóðheimi. Það er aldrei að vita nema eitthvað af þessu efni verði gert opinbert fljótlega," segir Arngerður.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Allar hafa þær klassíska grunn í hljóðfæraleik en eru liðtækar á ýmis önnur hljóðfæri. Hér má sjá Arngerði leika á keltneska hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Krassandi og heillandi

Að sögn Arngerðar ætlaði Umbra að frumflytja tvö glæný tónverk eftir hana á tónleikum í Norðurljósasal Hörpu 18. apríl. „Þá stóð líka til að flytja Sigurdrífumál sem við sömdum nýverið saman. Vegna COVID þurftum við að fresta tónleikunum fram í maí eða júní. Annað verkið mitt vann ég úr fornri og áhrifamikilli særingarþulu," segir Arngerður.

„Þetta er krassandi efni eins og margt efni frá miðöldum og eldra. Í særingarþulunni er talað um blóðvökva og að rista menn á hold. Þá höfum við líka flutt lag sem við unnum úr heimildum um Önnu Boleyn, eiginkonu Hinriks VIII. Hann var meðal annars þekktur fyrir að myrða eiginkonur sínar, þar á meðal Önnu. Í tónverkinu lýsir Anna fangelsun sinni og við verðum vitni að hennar síðustu andartökum," segir Lilja.

Skuggahliðar tónlistarinnar

Umbra merkir skuggi á latínu, en að sögn voru hinar myrku miðaldir og skuggi fortíðar fjórmenningunum afar hugleikin í upphafsnótum hljómsveitarinnar. „Þó svo við séum allar mjög kátar og glaðar þá leitum við allar í dökku hliðarnar og fyrsta platan snerist um dimmar hliðar mannlegrar tilvistar. Í gegnum aldirnar hafa Íslendingar verið mun uppteknari af myrkrinu en ljósinu og í íslenskum handritum er mikið fjallað um dauða, djöful og myrkrið. Það er líka töluvert meira krassandi efniviður en ljósið," segir Arngerður.

Nafnið varð örjúfanlegur hluti af hljómsveitinni þó svo meðlimir hafi oft stigið út úr skugganum og unnið með glaðlegra efni. Þar má til dæmis nefna verk sem þær unnu upp úr heimildum um greifynjuna De Dia frá 12. öld sem var trúbador og samdi gífurlega dramatísk, djörf og allt að því erótísk ástarkvæði.

> **Þetta er krassandi efni eins og margt efni frá miðöldum og eldra. Í særingarþulunni er talað um blóðvökva og að rista menn á hold.**
>
> Lilja Dögg

Heildræn lífsstílsráðgjöf

Nýjasta viðfangsefni Umbru er dulspekingurinn, abbadísin, heimspekingurinn og tónskáldið Hildegard von Bingen, sem var uppi á 12. öld. „Hún hefur fylgt okkur frá upphafi og var mikill drifkraftur í spuna mjög snemma. Fyrir stuttu komumst við að því að hún kallaði sýnirnar sínar „Umbra viventis luchis" sem merkir endurkast hins lifandi ljóss, en þar öðlast umbra nýja merkingu sem spegilmynd eða endurkast. Það að hún noti nafnið á hljómsveitinni gerði útslagið hjá okkur og við urðum einfaldlega að vinna meira með hennar efni. Nafnið okkar er í hjarta hennar verka. Þessi kona er stórmerkileg og má segja að ef hún væri uppi í dag væri hún heildrænn lífsstílsráðgjafi. Hún fékk sýnir, vann með lækningajurtir og gerði stjörnukort. Boðskapur hennar hljómar meira að segja nútíma lífsstílsboðskapur. „Sýndu þor til að kunngera hver þú ert." Þetta er viðeigandi í síbyljunni sem skellur á okkur daglega, að vinna í sjálfum sér til að ná tengslum við eitthvað æðra. Hún var uppreisnarseggur sem sleit sig úr nunnuklaustri og stofnaði eigin reglu. Þá gaf hún þjóðhöfðingjum ráð og predikaði þó svo hún mætti það ekki vegna kyns síns. Þá samdi hún óheyrilegan fjölda af lagboðum, en samkvæmt henni var söngurinn nauðsynlegur til þess að komast í leiðslu eða trans.

Við erum að fara í samstarf við Sigríði Sunnu Reynisdóttur sviðshönnuð og ætlum að skapa heildrænan og hugvíkkandi tónlistar- og leikhúsgjörning þar sem þessi töfranunna fær að skína í öllu sínu veldi. Þá ætlum við að leika okkur með ýmislegt eins og ilm, bragð, ljós og fleira, en á þessum tíma var meira flæði á milli listgreina en gengur og gerist í dag," segir Lilja.

Slagsíða á þjóðlagaarfi Íslendinga

Umbra fékk nýverið úthlutað úr starfssjóði listamanna í sex mánuði og mun á síðari hluta ársins vinna að nýrri plötu. Áður hefur Umbra gefið út þrjár plötur á vegum Dimmu. „Að sjálfsögðu erum við duglegar að leita í fornan íslenskan arf og verður nýja platan okkar, sú fjórða, aðallega unnin upp úr íslensku efni," segir Arngerður.

Lilja bætir við að þar muni þær skoða kvenlegar hliðar á þjóðlagaarfinum. „Við ætlum að draga upp úr skúffunum efni eftir Guðnýju Jónsdóttur sem átti hörmulega ævi. Einnig munum við nýta efni eftir Látra-Björgu sem var mikill lífstöffari og sjókona. Einnig kemur Skáld-Rósa við sögu. Svo munum við draga sagnadansana fram í dagsljósið en þeir eru hluti af 14. aldar kveðskap þar sem söguhetjurnar eru oft konur. Þá munum við vinna með kvæði um Ingu lífstuttu og Ásukvæði. Plötuna vinnum við með Ragnheiði Jónsdóttur tónmeistara sem tekur upp lögin en núna erum við á fullu að kokka upp efnið, krydda, bæta, breyta, endurvinna og henda," segir Lilja.

„Þetta gamla efni er ótrúlega merkilegt og býður upp á endalausa möguleika. Platan á að koma út í byrjun næsta árs og það má með sanni segja að við förum óhefðbundnar og fjölbreyttar leiðir á þessari nýju plötu. Við tökum bæði óþekkt efni og þekkt þjóðlög og endurvinnum á allt annan hátt en aðrir hafa gert. Þar má til dæmis nefna Grafskrift, sem margir kórsöngvarar þekkja vel, en þar leyfum við okkur að feta nýjar slóðir," segir Arngerður.

Tónlistin hentar okkur

Lilju þykir heillandi hvað þetta gamla efni er opið til sköpunar. „Tónmálið er oft á tíðum einfalt en samt skiljanlegt og aðgengilegt. Okkur finnst mikilvægt að halda á lofti þessum gamla arfi, lýsa upp menningarverðmæti og læra um það hvaðan við komum.

Það er ekki bara að efnið hentar okkur, heldur hentum við sem tónlistarmenn líka þessari týpu af tónlist. Sem söngkona þá finn ég að röddin mín skilar sér vel í þessari tónlist. Guðbjörg Hlín, fiðluleikarinn okkar, er einnig menntuð í upprunatónlist, Alexandra er tónlistarfræðingur og hefur mikið skoðað þetta tímabil. Sömuleiðis var Arngerður að spila í Voches Thules og fór þá fyrst að spá í þessari tegund tónlistar," segir Lilja. Arngerður bætir þá við: „Ég var organisti og minn bakgrunnur er píanó og orgel. En með Umbru þá fer ég að spila á keltneska hörpu, sem er eitthvað sem ég hef aldrei lært á. Það er mjög skemmtileg áskorun."

Tæknilegur nördaskapur

Umbra notar oft áhugaverðar og jafnvel að því er virðist ósamstæðar hljóðfærasamsetningar til þess að skapa einstakan hljóðheim þar sem gamli og nýi tíminn mætast á sameiginlegum grundvelli.

„Við harmóníserum stundum með hljóðfæri frá mjög ólíkum tímum. Þar má nefna nútíma kontrabassa, barokk-fiðlu, keltneska hörpu, indverskt harmóníum, langspil, skinntrommu og ýmsar flautur. Það getur oft verið flókið að stilla saman öll þessi ólíku hljóðfæri frá gjörólíkum tímum og frá mismunandi menningarheimum. Þetta virkar voðalega áreynslulaust á tónleikum en það getur tekið mjög langan tíma að stilla þetta allt saman og þá kemur sér vel allur þessi tæknilegi nördaskapur sem við búum allar yfir til að láta þetta allt ganga upp." segir Lilja.

„Við lendum líka ítrekað í því á æfingum að fá snilldarhugmynd í kollinn og þá hikum við ekki við að stöðva hljómsveitina í miðju lagi til að prófa hana. Þá kemur það sér vel hvað hópurinn er þéttur og traustur og hvað við erum allar skipulagðar."

Nánast á barmi heimsfrægðar

Að sögn Arngerðar eru þær í Umbru í svipaðri aðstöðu og aðrir listamenn í COVID. „Við höfum lent í því þrívegis að tónleikaferð okkar til Hollands er frestað. Nú er stefnan tekin á október og munum við halda fimm tónleika þar. Einnig munum við halda vinnustofur og höldum námskeið um þetta forna efni sem við erum að nota. Þá segjum við frá íslenska arfinum og hvernig við byggjum efnið okkar á fornkvæðum og sagnadönsum frá Íslandi og víðar.

Sömuleiðis áttum við að spila í Noregi og Svíþjóð og fleiri stöðum. En svo skall COVID á og allt datt upp fyrir og frestaðist. Við vorum komnar að dyragættinni og áttum satt að segja að vera á barmi heimsfrægðar eftir árið 2021, en það verður víst að bíða betri tíma," segir Arngerður og hlær.

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn miðvikudaginn 21. apríl 2021, kl. 17:00.

Dagskrá
1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar fyrir félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Þróunarmál og hönnun.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur er til sýnis á skrifstofu í Mosfellsbæ og er sendur hverjum þeim hlutahafa sem þess óskar.
Í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda til að stemma stigu við útbreiðslu kórónuveiru verður fyllstu varúðar gætt. Hægt verður að skrá sig á istex.hf@istex.is eða í 566 6300 til að fylgjast með fundinum rafrænt. Umboðsmenn þurfa að leggja fram dagsett og skriflegt umboð.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent frá skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

Mosfellsbæ, apríl 2021.
Stjórn ÍSTEX hf.

Rafmagnstjakkar

Bjóðum hina vinsælu EP rafmagnstjakka með Li-ion rafhlöðum 1500kg og 1800kg.

Gæði á hagstæðu verði

G.SKAPTASON EHF. www.gson.is Sími: 481 1020 - 893 4334

Bílablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 13. apríl 2021 FRÉTTABLAÐIÐ

Mercedes-Benz EQA er fullkominn að flestu leyti

MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Árið 2021 mun marka nýtt upphaf á rafbílamarkaði þegar kemur að rafjepplingum sem koma nú til landsins einn af öðrum. Nýjasti bíllinn í þeim flokki er Mercedes-Benz EQA sem við reynsluókum fyrir Bílablaðið ásamt hans helsta keppinaut, Volkswagen ID.4. **6**

Ný S-lína Mercedes setur ný viðmið í drægi rafbíla. **2**

VW ID.4 rafjepplingurinn er sérlega rúmgóður. **10**

MG Cyberster rafsportbíllinn frumsýndur í tilraunaútgáfu. **8**

STUÐ Í ÚTILEGUNNI

MEÐ **EXIDE AGM** RAFGEYMUM

AGM rafgeymar eru tilvaldir fyrir húsbíla, hjólhýsi, ferðavagna og aðra stöðunotkun. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgufun í hleðslu og lengra úthald. Einfaldlega betri og viðhaldsfrírri stöðugeymar.

EXIDE TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

olís | REKSTRARLAND

Pipar\TBWA - SÍA - 192107

Toyota GR86 kemur til Evrópu

Toyota hefur kynnt til sögunnar arftaka GT86 og heitir hann einfaldlega GR86 í takt við GR-sportlínu merkisins. Aðalfréttirnar eru þó þær að bíllinn verður boðinn í Evrópu í kringum næstu áramót ólíkt systurbílnum Subaru BRZ. Bílarnir nota báðir sama undirvagn og vél, sem er 2,4 lítra boxervél.

Toyota hefur gefið út tækniupplýsingar fyrir bílinn sem verður á Japansmarkaði en hann verður 232 hestöfl og mun skila 250 Nm togi. Það er 35 hestöflum meira en GT86 skilaði enda er GR86 mun fljótari af stað. Hann verður 1,1 sekúndu fljótari í hundraðið sem hann nær á 6,3 sekúndum. Hvort þær tölur verði þær sömu fyrir Evrópu á þó eftir að koma í ljós. Vélin verður með sex gíra beinskiptingu og sex þrepa sjálfskiptingu sem aukabúnaði.

Toyota hefur gert það mögulegt að framleiða GR-línu aflmeiri bíla á meðan aðrir framleiðendur hafa dregið úr slíku. Ástæðan er einfaldlega sú að Toyota hefur staðið sig vel í að halda sig innan mengunarmarka Evrópusambandsins með háu hlutfalli tvinnbíla. Von er á meiru frá Toyota því nú berast fréttir af því að von sé á nýrri skammstöfun frá merkinu. BZ verður heitið á 100% rafbílum Toyota og er fyrsta bílsins að vænta á árinu sem verður jepplingur í svipaðri stærð og RAV4.

Toyota GR86 er væntanlegur í sýningarsali um næstu áramót.

Nýr GR86 verður 35 hestöflum aflmeiri en GT86 og er 1,1 sekúndu fljótari í hundraðið.



Mercedes hefur forsýnt myndir af nýrri S-línu í léttu dulargervi en bíllinn verður frumsýndur á fimmtudaginn.

Ný Mercedes-Benz S-lína setur ný viðmið með 770 kílómetra drægi

Mercedes-Benz mun frumsýna næstu S-línu á fimmtudaginn og hefur þegar látið frá sér tækniupplýsingar um bílinn sem setja mun ný viðmið í heimi rafdrifinna fólksbíla.

njall@frettabladid.is

Ný S-lína mun koma á nýjum undirvagni sem kallast EVA og strax frá frumsýningu kemur hann í tveimur útfærslum. Grunngerðin mun kallast EQS 450+ og verður með einum rafmótor á afturdrifi sem skilar 329 hestöflum og 568 Nm togi. EQS 580 4MATIC bætir rafmótor á framöxul og fer þá hestaflatalan í 516 og togið í 855 Nm. Báðir bílar verða með takmarkaðan hámarkshraða við 210 km á klst. Tvær rafhlöður verða í boði, sú minni 90 kWst og sú stærri hvorki meira né minna en 107,8 kWst sem dugar honum fyrir 770 km drægi. Ekki hafa verið gefnar upp tækniupplýsingar fyrir aðrar gerðir. Bíllinn er búinn 400 volta rafkerfi sem við 200 kW hleðslustöð hleður bílinn í 300 km drægi á aðeins 15 mínútum.

Háskerpuskjárinn í mælaborðinu er alls 55,5 tommur á breidd.

Að sögn hönnuða Mercedes næst gott drægi ekki síst fyrir þá staðreynd að bíllinn klýfur loftið vel. Hann er með litla loftmótstöðu og margt í ytri hönnun hans gert til að minnka hana enn frekar. Undirvagninn er rennisléttur, fremsti hluti bílsins er lækkaður mikið og loftinntök lokast þegar þau eru ekki í notkun. Fyrir vikið er loftmótstaðan aðeins 0,20 Cd sem er það minnsta sem í boði er á framleiðslubíl. Eins og fram hefur komið er innanrýmið hönnunarstúdía út af fyrir sig og er sambyggður háskerpuskjárinn í mælaborði bílsins alls 55,5 tommur á breidd. Hann liggur í boga allt yfir til farþegans við hlið bílstjórans sem hefur sinn eigin skjá til að horfa á. Að sögn Jónas Kára Eiríkssonar hjá Öskju er S-lína væntanleg hingað til lands síðsumars.

Ford Mondeo fjölskyldubíllinn hefur nú verið við lýði í næstum þrjá áratugi en verður ekki framleiddur frá og með næsta ári.

Ford kveður Mondeo-fjölskyldubílinn

Ford-bílaframleiðandinn hefur ákveðið að hætta framleiðslu á Mondeo-fjölskyldubílnum. Hann hefur verið í framleiðslu síðan 1993 og unnið til ótal verðlauna en allt hefur sinn vitjunartíma. Ástæðan er einfaldlega sú að þeir sem keyptu fjölskyldubíla af stærri gerðinni eins og fjölskyldur og þeir sem kaupa fyrirtækisbíla, hafa flutt sig yfir í jepplingaflokk. Þeir sem keyptu áður Mondeo kaupa nú Ford Kuga. Það er þó ekki eina ástæðan því að það hentar líka hagsmunum bílaframleiðenda þar sem jepplingar bjóða upp á meira rými fyrir sífellt fyrirferðarmeiri rafhlöður.

Hætt er við að á næstu misserum munu fleiri bílar í þessum stærðarflokki fylgja í kjölfarið og við höfum líka séð bíla eins og Honda Accord hverfa af sjónarsviðinu. Við erum þegar farin að sjá þess merki hér á Íslandi þar sem umboðin eru einfaldlega hætt að bjóða bíla eins og BMW 3-línu, Mercedes-Benz C-línu, Audi A4 og Renault Talisman svo eitthvað sé nefnt.

Minnkandi sala fjölskyldubíla af stærri gerðinni kemur til vegna ásóknar kaupendahópa í flokk jepplinga.

Kostir jepplingaflokksins eru margir í augum Íslendinga, og þeir hafa meiri veghæð sem gerir þá betri í snjó og þægilegri í umgengni. Sumir eiga þó eflaust eftir að sakna þeirrar aksturságnægju sem kraftmikill og vel hannaður fjölskyldubíll veitti, en allt er breytingum háð. Hvað ætli verði svo til að velta jepplingnum úr sessi?

GMC með meiri tækniupplýsingar um Hummer-rafjeppann

GMC hefur sent frá sér meiri upplýsingar um Hummer-rafjeppann sem væntanlegur er á markað árið 2024. Áætlað er að forsala á honum í Norður-Ameríku hefjist seinna á þessu ári.

Rafjeppinn verður í grunninn mjög svipaður pallbílnum en er byggður á styttri útgáfu undirvagnsins sem notar rafhlöðuna sem burðarbita. Bíllinn er 508 mm styttri en pallbíllinn og þar af leiðandi er hjólhafið 220 mm styttra. Fyrir vikið verður jeppinn betri í akstri og viðráðanlegri í torfærum að sögn GMC. Að- og fráfallshorn hans er líka betra eða 49 gráður og undirvagnshorn hans er 34,4 gráður svo að hann mun geta ráðið við ansi gróft undirlag. Sami tæknibúnaður verður í Hummer-jeppanum og verða 22 tommu felgur staðalbúnaður eins og í pallbílnum. Loftpúðafjöðrun mun geta lyft bílnum um allt að 152 mm og staðalbúnaður verður fjórhjólastýring og Crabwalk-skriðgír sem leyfir bílnum að skríða til hliðanna eins og krabbi.

Ein af kynningarmyndum Hummer-rafjeppans sýnir hann í mjög svo íslensku landslagi en torfærugeta hans verður umtalsverð.

Þar sem jeppinn er aðeins minni en pallbíllinn mun hann nota aðeins aflminni rafmótora svo að heildarafköst verða 819 hestöfl í stað 1.000. Togið verður þó það sama og í pallbílnum svo að upptakið verður allgott eða 3,5 sekúndur í hundraðið. Rafhlaðan verður einu númeri minni svo að drægið minnkar um 80 km og verður 480 kílómetrar. Hann mun nota sama 800 volta rafkerfi og því geta hlaðið 160 km af drægi á 10 mínútum. Ekki er talið líklegt að hann verði boðinn í Evrópu, allavega til að byrja með.

ÚRVAL & ÖRYGGI

Eigum úrval af sparneytnum, öruggum og góðum bílum í fjölmörgum stærðum og gerðum

ŠKODA



Dráttargeta **2,5 tonn!**

Kamiq Verð frá **3.990.000 kr.**
Þar sem hrífandi hönnun innra og ytra byrðis rennur saman í eina heild.

Karoq Verð frá **5.590.000 kr.**
Farðu leiðar þinnar um borgarfrumskóginn með bros á vör og á nettum smájeppa.

Kodiaq Verð frá **7.290.000 kr.**
Fjórhjóladrifinn, fæst sjö manna og sker sig úr hvert sem hann fer með kraftmiklu yfirbragði.

RAFMAGNAÐUR

ENYAQ iV

Rafmagnsbíll með drægni frá **412 til 536 km** skv. WLTP.

Verð frá **5.790.000 kr.**

Sýningarbíll á staðnum og forsala í fullum gangi. Tryggðu þér eintak!

Octavia Verð frá **5.190.000 kr.**
Ný og rúmgóð Octavia uppfyllir allar þarfir fjölskyldunnar.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

Tengiltvinnbíll (Plug-in Hybrid)

Superb iV Verð frá **5.490.000 kr.**
Kraftmikill í akstri og umhverfisvænn, með allt að 60 km drægni skv. WLTP.

Veldu uppáhaldsbílinn og taktu hann frá á **www.hekla.is/skodasalur**

Fylgdu okkur! @skoda

www.skoda.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Citroen C5 X er tilraun merkisins til að blanda saman útliti langbaks og jepplings.

Citroen C5 X frumsýndur

C5 X-blendingsbíllinn er nýtt flaggskip franska merkisins og verður boðinn bæði sem tengiltvinnbíll og með bensínvélum þegar hann kemur á markað á næsta ári.

njall@frettabladid.is

Segja má að C5 X sé tilraun Citroen til að blanda saman skutbíl og jepplingi í lúxusútgáfu. Upphaflega var C5 stór fjölskyldubíll og við höfum líka séð C5 Aircross, en C5 X er einmitt byggður á sama EMP2-undirvagni og hann. Bíllinn er 4.805 mm að lengd svo að hann er aðeins lengri en Peugeot 508 SW til að mynda. Lögð er áhersla á gott rými í farþegarými og bíllinn mun geta tekið 545 lítra í farangursrými. Lögð er áhersla á þægindi með sérhönnuðum sætum og nýrri fjöðrun sem kallast Active Comfort og er fyrst kynnt í þessum bíl.

Snertiskjárinn í bílnum er nýr 12 tommu skjár og útlitið líkist einna helst C4-e.

Bíllinn verður búinn 12 tommu upplýsingaskjá sem er ný hönnun frá Citroen og uppfærist þráðlaust. Sami tengiltvinnbúnaður og í C5 Aircross verður í bílnum, en sá er 222 hestöfl og með rafhlöðu sem kemur honum 50 km á hleðslunni. Von er á útgáfu með stærri rafhlöðu á seinni stigum. Bíllinn kemur í sölu í Frakklandi í lok árs og því er hans ekki að vænta hingað til lands fyrr en einhvern tímann á næsta ári.

Toyota frumsýnir rafbíl í næstu viku

Toyota mun frumsýna nýjan rafbíl á Bílasýningunni í Sjanghæ þann 19. apríl næstkomandi og hefur af því tilefni birt mynd af framenda bílsins í myrkvuðum bílskúr. Að sögn Toyota er rafbíllinn jepplingur sem er sérhannaður að þörfum evrópska markaðsins, en hann verður smíðaður í kolefnishlutlausri verksmiðju Toyota í Japan.

Eins og sjá má af myndinni er nýtt útlit á ferðinni enda um fyrsta alvöru rafbíl merkisins að ræða. Bíllinn er sá fyrsti af sex sem nota munu e-TNGA-rafbílaundirvagninn sem hannaður var í samstarfi við Subaru. Næstu bílar verða meðal annars minni rafjepplingur sem hannaður er í samstarfi við Suzuki, stærri jepplingur, stallbakur og fjölnotabíll svo eitthvað sé nefnt.

Nýr rafjepplingur frá Toyota mun verða í svipaðri stærð og RAV4.

Tafir á byggingu verksmiðju Tesla í Berlín hafa seinkað framleiðsluáætlunum Model Y-rafjepplingsins. MYND/REUTERS

Tesla gagnrýnir þýsk stjórnvöld

Skrifræðið í Þýskalandi er greinilega farið að fara í taugarnar á bílaframleiðandanum Tesla ef marka má fréttir í Frankfurt Allgemeine Zeitung. Tímaritið flutti fréttir af því að Tesla hefði sent bréf til þýskra stjórnvalda fyrr í mánuðinum. Þar kom meðal annars fram að framleiðandanum þætti sérstaklega pirrandi að ekkert svar væri komið við því hvenær áætluð verksmiðja Tesla í nágrenni Berlínar yrði samþykkt. Liðnir eru 16 mánuðir síðan Tesla sótti um leyfi fyrir verksmiðjunni svo að pirringurinn er skiljanlegur.

Náttúruverndarsinnar hafa lagt stein í götu Tesla með því að stöðva frekara skógarhögg á verksmiðjusvæðinu, þar sem það gæti sett snáka í vetrarhíði í hættu. Tafir á verksmiðjunni hafa seinkað framleiðsluáætlunum fyrir Tesla Model Y, en áætlað er að verksmiðjan í Berlín geti framleitt 500.000 slíka bíla árlega þegar hún er komin í fulla virkni. Hérlendis er Tesla Model Y ekki einu sinni kominn á það stig að hægt sé að panta bílinn.

> **„Þrátt fyrir að Tesla hafi sótt um leyfi fyrir verksmiðjunni fyrir 16 mánuðum er ekkert svar komið ennþá“**

Aðeins hluti bíla framleiddir fyrir 3. febrúar eru með hugbúnaðarvilluna.

Hugbúnaðarvilla í Mustang Mach-E

Það eru fleiri framleiðendur rafbíla en Volkswagen að lenda í vandræðum með hugbúnað bíla sinna. Fyrstu notendur Mustang Mach-E hafa lent í vandamáli sem felst í því að bílarnir fara ekki í gang eftir hleðslu. Kemur þetta fram í sameiginlegri tilkynningu frá Ford og NHTSA-öryggismálastofnuninni í Bandaríkjunum.

Segir Ford meðal annars í tilkynningunni að hugbúnaðarvilla valdi því að 12 volta rafhlaða bílsins eigi það á hættu að tæmast á meðan stóra rafhlaðan er hlaðin. Það var The Verge sem sagði fyrst frá vandamálinu síðastliðinn þriðjudag, en Ford segir að aðeins lítill hluti bíla framleiddra fyrir 3. febrúar hafi lent í þessu vandamáli. Munu umboðsaðilar uppfæra hugbúnað bílanna eigendum þeirra að kostnaðarlausu. Ford hefur alls framleitt 6.614 Mustang Mach-E á fyrsta fjórðungi ársins.

> **„Á 12 volta rafhlaða bílsins það á hættu að tæmast á meðan að bíllinn er hlaðinn.**

MICKEY THOMPSON M/T TIRES & WHEELS

Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson
5 stærðir á lager:
265/70R16 verð 40.800 kr.
265/70R17 verð 37.500 kr.
265/65R18 verð 44.800 kr.
285/70R17 verð 49.900 kr.
265/50R20 verð 39.900 kr.

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is

KONI

Demparar fyrir þá kröfuhörðu!

Demparar á lager í margar gerðir ökutækja m.a.
Fólksbíla - Jeppa - Vörubíla - Flutningabíla - Rútur

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR

OPEL CORSA-E

SPENNTUR FYRIR ÞÉR!

100% rafmagn
100% Opel

VIÐ STYÐJUM RAFBÍLAVÆÐINGUNA OG LÆKKUM VERÐ Á RAFBÍLUM

Þegar þú velur Opel Corsa-e færðu einn fullkomnasta rafmagnsbílinn á markaðnum á einstaklega hagstæðu verði.

NJÓTTU VEL!

AUTOBEST 2020 BESTU BÍLAKAUPIN Í EVRÓPU

GULLNA STÝRIÐ 2020

MARGVERÐLAUNAÐUR
Opel Corsa-e hefur vakið mikla athygli hjá fagmönnum og rafbílaunnendum. Á síðasta ári hlaut Corsa-e Gullna stýrið sem og titilinn Bestu bílakaupin í Evrópu. Þú veist því að hverju þú gengur.

VARMADÆLA
Hlutverk varmadælu er að endurvinna orku sem verður til við hitaskipti, jafnt til hitunar sem kælingar á bílnum. Þannig sparast orka rafhlöðunnar. Hér eru kjöraðstæður fyrir varmadælur í rafbíla, því þær virka best við meðalhita á Íslandi og geta aukið drægni um allt að 15% við bestu skilyrði.

RAFMAGNAÐ ÚTLIT
Hver er þinn stíll? Þú einfaldlega velur uppáhalds litinn þinn á bílinn og toppar útlitið með svörtu þaki. Þú getur líka valið sólarþak á rafbílinn þinn og lýst upp umhverfið.

100% RAFMAGN
OPEL CORSA-E

VERÐ:	3.990.000 KR.
STUÐNINGUR:	300.000 KR.
VERÐ NÚ:	**3.690.000 KR.**

ÞÍN EINKENNI
Opel Corsa-e er búinn nýstárlegum álfelgum, grilli og speglum, sem hægt er að sérsníða með sérstökum pökkum sem fást hvítir, svartir, rauðir eða bláir.
Hvernig vilt þú líta út?

RAFHLAÐA, HLEÐSLA OG DRÆGNI
Nú þegar rafmagnsvæðingin er komin á fullt á Íslandi, er hægt að keyra hringinn í kringum landið á rafmagnsbíl frá Opel. Það tekur aðeins 30 mín. að hlaða Corsa-e upp í 80% drægni með hjálp 100 kw hraðhleðslu. Það á því ekkert að stoppa þig á Opel Corsa-e.

MÓTOR:	100 kW
RAFHLAÐA:	50 kWh
DRÆGNI:	337 km.

HESTÖFL OG HRÖÐUN
Krafturinn í Opel Corsa-e er yfirdrifinn. Corsa-e er 136 hestöfl og býr yfir hröðun sem slær mörgum mun dýrari bílnum við, þ.e.a.s. hann rýkur í 50 km hraða á 2,8 sek. Það er akkúrat hraðinn sem leyfður er á flestum aðalgötum þéttbýlisstaða.

OPEL

Birt með fyrirvara um texta- og myndabrengl. Bifreið á mynd er með aukabúnaði.

BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR OPEL

benni.is

Bílasala Suðurnesja	**Ib bílar**	**Bílaríkið**	**Bílabúð Benna**
Reykjanesbæ	Selfoss	Akureyri	Reykjavík
Njarðarbraut 9	Fossnes A	Lónsbakka	Krókháls 9
Sími: 420 3330	Sími: 480 8080	Sími: 461 3636	Sími: 590 2035

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Mercedes-Benz EQA

KOSTIR
- Hljóðlátur
- Liggur vel

GALLAR
- Fótapláss í aftirsætum
- Farangursrými

Hestöfl: 190
Tog: 375 Nm
Eyðsla: 17,5 kWst/100 km
Rafhlaða: 66,5 kWst

Drægi: 426 km
Hröðun: 0-100 km: 8,5 sek.
L/B/H: 4.463/1.834/2.020 mm
Hjólhaf: 2.729 mm

Eigin þyngd: 2.040 kg
Farangursrými: 340 lítrar
Dráttargeta: 750 kg
Grunnverð: 6.790.000 kr.

EQA 250 er góður akstursbíll en mætti vera aflmeiri en það er stutt í fjórhjóladrifsútgáfuna. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Fullkominn að flestu leyti

Mercedes hefur frumsýnt EQA-rafjepplinginn meðframdrifi og skilar sú útgáfa 190 hestöflum. Von er svo á fjórhjóladrifinni útgáfu áður en langt um líður sem hefur allt að 515 km drægi.

Askja frumsýndi í síðasta mánuði Mercedes-Benz EQA-rafjepplinginn en fyrsta útgáfa bílsins hérlendis er GLA 250. Talan 250 er tilvísun í það að bíllinn er álíka kraftmikill og 250 bensínútgáfa GLA, sem EQA byggir á. Rafmótorinn er 190 hestöfl og drífur áfram framhjólin. Rafhlaðan er 66,5 kWst og gefur bílnum allt að 426 km drægi með 18 tommu felgustærð.

Vantar upp á fótarými

Að innan er EQA eins og aðrir nýir Benz-bílar með fráganginn í fyrirrúmi og gott efnisval í innréttingu. Takkarnir eru færri með nýja MBUX-kerfinu og er það vel, sem og sú staðreynd að skjárinn er af stærri gerðinni. Þegar kemur að plássi í bílnum er það nokkuð gott að flestu leyti, alla vega er gott pláss í framsætum og höfuðrými er nokkuð gott líka.

Helsti ókostur bílsins er þó sú staðreynd af rafhlaðan tekur pláss frá fótarými í aftursætum og einnig farangursrými. Þegar fullorðinn situr í aftursæti finnst vel hversu hátt hnén eru sem þýðir meira álag á sitjandann sem eflaust er óþægilegt á langferðum. Rafhlaðan tekur líka sitt pláss frá farangursrýminu og er gólfið þar í hærri kantinum. Aðeins er rými fyrir 340 lítra af farangri undir hillunni sem er satt best að segja of lítið.

Hljóðlátur og mjúkur í akstri

Bíllinn er ljúfur í akstri og bæði inngjöf og stýri gefa góða tilfinningu fyrir akstrinum. Hann virkar ekki eins þungur í akstri eins og margir rafjepplingar af þessari stærð og hagar sér vel á reykvískum hraðahindrunum, þökk sér fjöllliða fjöðrun að aftan. Fyrir vikið er hann líka stöðugur í akstri þegar kemur að því að leggja hann í beygjur og þar er það ekki bara vel útfærð skrikvörn sem er að hjálpa honum.

Hann er líka einstaklega hljóðlátur, jafnvel fyrir rafbíl, og hljóðið sem varar fótgangandi við honum á lægri hraða heyrist varla inni í bílnum. Upptakið er viðunandi í þessari útfærslu en ekkert meira en það, en bíllinn er 8,9 sekúndur í hundraðið. Hámarkshraði er takmarkaður við 160 km

Rafmótorinn er við framhjólin og hjálpar það til við aksturseiginleikana.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

15. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 13. apríl 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Andri Sigurðsson, Lögg. fast. og eigandi
Sigurður Samúelsson, Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland, Lögg. fast og eigandi
Þórey Ólafsdóttir, Lögg. fast. og eigandi
Júlíus Jóhannsson, Lögg. fast. og eigandi
Monika Hjálmtýsdóttir, Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen, Lögg. fast. og eigandi
Ingibjörg A. Jónsdóttir, Löggiltur fast.
Eggert Mariuson, Löggiltur fast.
Jón Óskar, Löggiltur fast.
Guðrún D. Lúðvíksdóttir, Löggiltur fast.
Ása Þöll Ragnarsdóttir, Skjalavinnsla/móttaka
Emil Tumi, Aðstoðarmaður fasteignasala
Herdís S. Jónsdóttir, Aðstoðarmaður fasteignasala
Bryndís Bára, Aðstoðarmaður fasteignasala

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Íbúð 0602 er á efstu hæð í Lundi 23, með tveimur yfirbyggðum svölum, mitt í fagurri náttúru Fossvogsdalsins og stutt í hvers kyns þjónustu og afþreyingu.

Glæsiíbúð við náttúruparadís í Lundi

Fasteignasalan TORG kynnir glæsilega 3-4 herbergja íbúð á efstu hæð í Lundi 23, merkt 0602. Íbúðin er 175,8 fermetrar með tveimur yfirbyggðum svölum auk tveggja bílastæða í bílageymslu. Um er að ræða vandaða sex hæða byggingu með lyftu sem gengur niður í lokaða bílageymslu.

Eldhúsið er opið, fallegt og með sérsmíðuðum innréttingum frá Brúnás.

Komið er inn í anddyri með eikarfataskáp. Gott sjónvarpshol er fyrir framan hjónaherbergið og gengið út á stórar yfirbyggðar svalir. Stofa og borðstofa mynda stórt og bjart alrými, og tengir borðstofan flestallar vistarverur í íbúðinni. Útgengt er frá stofu úr á stórar yfirbyggðar svalir.

Eldhúsið er opið og rúmgott, búið AEG-heimilistækjum, sjálfhreinsandi efri ofni, örbylgjuofni með burstaðri stáláferð, keramikhelluborði, blástursofni og eyju með háfi yfir. Innréttingar eru sérsmíðaðar af Brúnás með ljúflokunarbúnaði á skúffum. Borðplötur eru úr granítsteini.

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Vesturhraun 5 210 Garðabær

natures aid

Ginger, Turmeric & Bromelain

Mögnuð blanda í boði náttúrunnar!

Í náttúrunni er að finna magnaðar jurtir og rætur sem í gegnum aldirnar hafa verið nýttar á ýmsan máta. **Engifer, Túrmerik & Brómelain** eru vel þekktar jurtir sem hafa reynst mörgum vel.

Þrymur Sveinsson hefur notað Ginger, Turmeric & Bromelain um þó nokkurt skeið með ótrúlegum árangri.

*„Allt frá unga aldri hef ég átt við vandamál í öndunarfærum að stríða sem lýsti sér m.a í stífluðu nefi. Ég fékk enga lausn á vandanum þrátt fyrir ítrekaðar læknisheimsóknir og vandamálið versnaði stöðugt. Ég var farinn að nota nefúða allt að fjórum sinnum á dag þegar ég var sem verstur. Eftir að hafa notað **Ginger, Turmeric & Bromelain** í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér. Eftir mánuð var vandamálið næstum horfið og ég gat dregið andann áreynslulaust, án hjálparefna í fyrsta skipti síðan á unglingsaldri.*

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Húsaviðhald

K2 LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna- o.m.fl.
https://runarmurari.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 105 m2 iðnaðarhúsnæði við Smiðjuveg í kópavogi, lofthæð 3,20, innkeyrsluhurð og gönguhurð. Uppl. s: 697-4683

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

ÁRSFUNDUR VIRK

Sökum samkomutakmarkana vegna COVID-19 þá verður ársfundur VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs haldinn með rafrænu sniði **þriðjudaginn 27. apríl kl. 13.00-14.00.**

Dagskrá

Starfsemi VIRK - Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK
Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagskrá:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur liðins árs kynntur og til samþykktar.
3. Tilkynning um skipan stjórnar.
4. Kosning endurskoðenda.
5. Önnur mál.

Ársfundurinn er öllum opinn og verður streymt á vefsíðu VIRK en meðlimir fulltrúaráðs VIRK hafa einir atkvæðisrétt.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

OKKAR ALLRA BEZTU ERU KOMNAR

-100 HRAÐAR
-KRAFTMIKLAR
-HLJÓÐLÁTAR

VORNADO

ÍSHÚSIÐ EHF - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is
Andaðu léttar...

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

BJÓÐUM VALIN STILLANLEG HEILSURÚM
NÚ MEÐ 25-35% AFSLÆTTI

LAYLA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 179.880 KR
VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 217.920 KR
VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

COMO STILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
20% AFSLÁTTUR

VERÐ 39.920 KR
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR
3 LITIR

KOMDU NÚNA, SKOÐAÐU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.REKKJAN.IS

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C | 3 ↗	5 °C | 17 ↗	7 °C | 12 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 2 ↗	8 °C | 3 ↘	-1 °C | 8 ↑

Sunnan og suðvestan 3-8 í dag, en 8-13 um landið norðvestanvert. Skýjað að mestu og dálitlar skúrir á víð og dreif, en léttskýjað norð-austan- og austanlands. Hiti víða 5 til 10 stig.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 °C | 6 ↗	6 °C | 19 ↗	8 °C | 17 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 4 ↑	7 °C | 2 ↗	1 °C | 10 ↑

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C | 14 ↖	7 °C | 8 ↖	8 °C | 2 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
9 °C | 7 ↑	8 °C | 9 ↖	3 °C | 20 ↑

LÉTT

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

MIÐLUNGS

	2				8	3	6	
				3		9		7
1			9	2				
7				6		8		
		8	4				7	
6	1			8			3	5
						6	4	
5		3					8	9
4			3					

ÞUNG

		4	8				3	7
						4		2
	9					5		
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Krossgáta

LÁRÉTT
1 hlaða
5 tré
6 átt
8 slitna
10 óró
11 sauðagarnir
12 búið
13 þegn
15 sía
17 ónytjungur

LÓÐRÉTT
1 nennuleysi
2 þolinmæði
3 reyndar
4 umstang
7 vinnuvél
9 heimóttar-legur
12 bunga
14 strit
16 stafur



LÁRÉTT: 1 lesta, 5 eik, 6 nv, 8 trosna, 10 ið, 11 vil, 12 gert, 13 iðuí, 15 filter, 17 slóði.
LÓÐRÉTT: 1 leitilif, 2 eirð, 3 sko, 4 annir, 7 valtari, 9 sveitó, 12 gull, 14 bis, 16 eð.

Skák

Gunnar Björnsson

Sick átti leik gegn Gorelov í Búdapest árið 1989

1...Hxh3+! 2. gxh3 Dxh3+ 3. Kg1 Hc2! 4. Dxc2 Bxd4 5. Df2 Dg3+ 0-1 Matthías Björgvin Kjartansson og Adam Omarsson urðu efstir og jafnir á apríl-móti Skólanetskákmóts Íslands sem fram fór á sunnudaginn. Þriðjudagsmót TR fer fram á netinu í kvöld.

www.skak.is:
Nýjustu skákfréttir.

Svartur á leik

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5

3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9

3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Miðvikudaginn 21. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið Matvælaiðnaður á Íslandi.

Ísland er mikið matarland og mikil tækniframþróun og nýsköpun hefur átt sér stað hérlendis tengt matvælaiðnaði og mun svo vera til framtíðar.

Við viljum bjóða fyrirtækjum í matvælageiranum að kynna sig, sína þjónustu og vörur sem og að kynna tækniþróun geirans fyrir lesendum.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:
Jóhann Waage Markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Þarna hafði ég tíma til að hugsa og vera með sjálfri mér, segir Hanna Óladóttir ljóðskáld um gönguna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þetta var dálítið eins og að vera í annarri vídd

Kona fer í gönguferð er ljóðabók eftir Hönnu Óladóttur þar sem fjallað er um gönguferð sem kona fer eftir hinum heilaga Jakobsvegi á Spáni. Hanna gekk þessa leið í tveimur hlutum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Kona fer í gönguferð – 799 kílómetrar – 34 dagleiðir er ný ljóðabók eftir Hönnu Óladóttur. Umfjöllunarefni ljóðanna er gönguferð sem kona fer eftir hinum heilaga Jakobsvegi á Spáni. Nokkuð sem Hanna gerði í tveimur hlutum, árið 2016 og 2017.

Tákn fyrir lífsgönguna

Spurð hvaða áhrif það hafi haft á hana að ganga Jakobsveginn segir Hanna: „Það að ganga þessa leið hafði mjög djúp áhrif á mig. Þarna hafði ég tíma til að hugsa og vera með sjálfri mér án þess að vera trufluð. Þetta var dálítið eins og að vera í annarri vídd. Ég lýsi því á einum stað í bókinni að þegar konan er á gangi er um leið eins og hún horfi á líf sitt á Íslandi úr hliðarveruleika.

Það sem er svo áhrifamikið við að ganga þessa leið er að allir ganga í sömu átt. Gangan er tákn fyrir lífsgönguna. Fyrsti hluti göngunnar, fjallgangan, er fæðingin og ungdómsárin, það er erfiðasti hlutinn. Miðjan er sléttan þar sem reynir á úthaldið og í síðasta hlutanum sér maður í mark en vill samt ekki að gangan endi. Það var búið að segja mér að á síðustu 100 kílómetrunum yrði mikið fjölmenni því það er nóg að ganga þá vegalengd til að fá syndaaflausn. Þarna var gríðarlegt fjölmenni og mikið af Asíubúum. Ég fékk sterka tilfinningu fyrir því að vera hluti af mannkyninu og fann svo greinilega hversu margir hafa gengið þarna í gegnum tíðina.“

> ÉG FÉKK STERKA TILFINNINGU FYRIR ÞVÍ AÐ VERA HLUTI AF MANNKYNINU OG FANN SVO GREINILEGA HVERSU MARGIR HAFA GENGIÐ ÞARNA Í GEGNUM TÍÐINA.

Ákveðin heilun

Þetta er önnur ljóðabók Hönnu en árið 2019 kom ljóðabókin Stökkbrigði. Hún segir að sú bók hefði ekki orðið til nema vegna þess að hún gekk Jakobsveginn. „Það opnuðust ákveðnar gáttir og sú ljóðabók varð til. Hún fjallar um barnsmissi, ég missti tvö börn, eins og hálfs og tveggja ára, úr óútskýrðum erfðasjúkdómum sem herjuðu á þau. Slíkt áfall er stórt fyrir eina tilfinningaveru. Mér fannst ég verða að gera eitthvað meira við þær tilfinningar en að láta þær bara velkjast um í höfðinu. Ljóðin settu missinn í stærra samhengi og gáfu tilfinningunum þann sess sem þær áttu skilið. Þannig að sú ljóðabók var ákveðin heilun. Ég reyndi þó að skrifa hana þannig að hún væri ekki einungis lýsing á persónulegri reynslu,“ segir Hanna sem bætir við að þau hjónin hafi í framhaldinu ættleitt tvö börn.

„Eftir að ég orti Stökkbrigði fór Jakobsvegurinn að leita mjög á mig. Kona fer í gönguferð fjallar samt ekki um mig þótt hún sé vissulega byggð á reynslu minni. Í fyrsta ljóðinu er konan til dæmis svipt ökuréttindum sínum en það hefur aldrei hent mig!“

Þetta er frábært, segir Eva Björg um tilnefninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Marrið í stiganum tilnefnt sem frumraun ársins í Bretlandi

CrimeFest-glæpasagnahátíðin í Bretlandi hefur opinberað hvaða bækur eru tilnefndar til verðlauna hátíðarinnar í ár. Marrið í stiganum eftir Evu Björgu Ægisdóttur er tilnefnt sem frumraun ársins en bókin kom út hjá Orenda Books í fyrra. Eva Björg hlaut fyrst allra Svartfuglinn – glæpasagnaverðlaunin sem Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson stofnuðu til í samvinnu við útgefanda sinn, Veröld, árið 2019. Alls eru fimm nýliðar tilnefndir til CrimeFest-verðlaunanna og eru þar á meðal The Thursday Murder Club eftir hinn þekkta sjónvarpsmann Richard Osman en hún var þaulsætin á metsölulistum í Bretlandi í fyrra og The Man on the Street eftir Trevor Wood sem hlaut einnig nýliðaverðlaun Gullrýtingsins þar í landi. Það er því ljóst að Eva Björg keppir við miklar kanónur um þessi eftirsóknarverðu verðlaun.

> CRIMEFEST ER EIN STÆRSTA GLÆPASAGNAHÁTÍÐIN Í BRETLANDI ÞANNIG AÐ ÉG ER MJÖG ÁNÆGÐ.

„Þetta er frábært. CrimeFest er ein stærsta glæpasagnahátíðin í Bretlandi þannig að ég er mjög ánægð,“ sagði Eva Björg þegar blaðamaður hafði samband við hana. Spurð hvort hún geri sér vonir um að vinna svarar hún: „Richard Osman er tilnefndur og honum hefur gengið gríðarlega vel með sína fyrstu bók. Hann er mjög þekktur og hefur því ákveðið forskot. Ég vona samt vitanlega að dómnefndin verði mér hliðholl.“

Bretar hafa tekið Marrinu í stiganum opnum örmum. Gagnrýnandi The Times sagði að „þessi framúrskarandi fyrsta skáldsaga Evu Bjargar væri ekki aðeins safarík ráðgáta heldur líka hrollvekjandi lýsing á því hvernig skrímsli verða til.“ Þá sagði einn helsti glæpasagnasérfræðingur Englendinga, Barry Forshaw, í Financial Times: „Eva Björg Ægisdóttir sýnir hér og sannar að hún er jafn mikill snillingur í þessari kuldalegu list og starfsbræður (og -systur) hennar. Elma er ógleymanleg og flókin persóna,“ og glæpasagnahöfundurinn Ann Cleeves sagði: „Aðdáendur norrænna glæpasagna munu kunna að meta þessa heillandi frumraun. Hún er þaulhugsuð, blæbrigðarík með geðþekkri aðalpersónu og ber með sér fyrirheit um fleiri magnaðar sögur.“

Eva Björg hefur nú sent frá sér þrjár glæpasögur á jafn mörgum árum. Stelpur sem ljúga kom út 2019 og Næturskuggar 2020. Hún vinnur nú að sinni fjórðu bók sem kemur út hjá Veröld í haust. Allar bækur hennar, einnig sú sem hún er að skrifa núna, hafa verið seldar til Bretlands. Stelpur sem ljúga kemur út í Bretlandi í sumar. „Þetta hefur gerst ótrúlega hratt og gefur mér mikið,“ segir Eva Björg. Velgengnin í Bretlandi hefur greitt fyrir samningum í öðrum löndum. Stórt bókaforlag í Frakklandi hefur til dæmis keypt útgáfurétt að bókum hennar og Marrið í stiganum kemur út þar í sumar.

Á meðal annarra höfunda sem tilnefndir eru í hinum ýmsu flokkum CrimeFest-verðlaunanna eru Peter James, Ian Rankin, Robert Galbraith og Anthony Horowitz. Það var verðlaunaþýðandinn Victoria Cribb sem snaraði Marrinu í stiganum yfir á ensku.

ICEWEAR ICELAND

SALEWA Firepad 16 BPi
Kr. 9.990.-

Embla Thermore® Ecodown® dúnjakki kr. 17.990.-

MÁR Tveggja laga regnjakki
Kr. 18.990.-

SNÆDÍS Prjónað ennisband
Kr. 2.990.-

VIÐEY Hanskar
Kr. 3.300.-

Þín útivist - þín ánægja
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

BRIMNES Meðalþykkir göngusokkar
Kr. 2.150.-

SALEWA MS Dropline GTX
Kr. 29.990.-

ATLI Softshell buxur
Kr. 17.900.-

HELLY HANSEN M Odin Minimalist
Kr. 32.990.-

HELLY HANSEN Bowstring kk skór
Kr. 22.990.-

HVÍTANES Merínó hálsklútur
Kr. 4.990.-

Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

VIKU TILBOÐ
VIKUTILBOÐUNUM LÝKUR Á MORGUN

Nature's **SUPREME**
heilsurúm með Classic botni

Vönduð millistíf heilsudýna sem hentar flestum.

- Pokagormar/5 svæði.
- Steyptar kantsyrkingar.
- Mismunandi svamplög sem gefa frábæra mýkt.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni. Aukahlutir á mynd gafl og koddar.

Supreme er fáanleg í 80/90/100/120/140/160/180 x 200 cm.

Verðdæmi: 160x200 cm fullt verð 144.900 kr.

Aðeins **108.675 kr.**

VIKU TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

LICATA
hornsófi

Hornsófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 269.990 kr.

Aðeins **215.920 kr.**

KOLDING
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 139.900 kr.

VIKU TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Aðeins **111.920 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt (e) Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19.30 Karlmennskan (e) Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
21.30 433.is 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

RÚV SJÓNVARP

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Af fingrum fram Guðmundur Pétursson.
12.15 Andri á flandri í túristalandi
12.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
13.00 Lífæðar hjartans
13.25 Af fingrum fram Mugison.
14.15 Hraðfréttir
14.25 Mósaík 2000-2001
15.10 Fullkomin pláneta
16.10 Menning í mótun
17.05 Frankie Drake
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Rosalegar risaeðlur
18.29 Hönnunarstirnin
18.46 Bílskúrsbras
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi.
19.50 Menningin
20.00 Stamið stöðvað School of Stammers Bresk heimildarmynd um sex einstaklinga sem stama mikið og undirgangast fjögurra daga meðferð með von um að geta talað án tafs. Leikstjórar: Iona Firouzabadi og Chris Heywood.
21.10 Loftlagsþversögnin Klimatparadoxen Þáttaröð um hamfarahlýnun og hlutverk okkar sjálfra í baráttunni við loftslagsbreytingar. Hvers vegna reynist oft erfitt að gera breytingar sem við vitum að eru mikilvægar og jafnvel nauðsynlegar? Hvernig verðum við loftslagssnjallari?
21.25 Gösta
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Þrjár stúlkur Three Girls
23.10 Á köldum klaka
00.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

10.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá Kia Classic.
13.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá ANA Inspiration.
17.00 PGA Special. 3M Open Compass Challenge
19.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center
19.25 Masters 2021 Útsending frá Masters mótinu.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 George Clarke's Old House, New Home
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Zoey's Extraordinary Playlist
21.00 FBI
21.50 We Hunt Together
22.35 Fosse/Verdon
23.25 The Late Late Show
00.10 The Resident
00.55 Ray Donovan
01.45 Chicago Med
02.25 Station 19
03.10 Queen of the South
03.55 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga (12 af 26)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 End of Sentence
12.35 The Children Act
14.15 Pokémon Detective Pikachu
16.00 End of Sentence
17.30 The Children Act
19.15 Pokémon Detective Pikachu
21.00 The Spy Who Dumped Me Spennumynd með gamansömu ívafi frá 2018 með Milu Kunis í aðalhlutverki. Vinkonurnar Morgan og Audrey ákveða að fara til Evrópu og slaka á eftir að unnusti Audrey segir henni upp. En áður en þær leggja í hann komast þær að því í gegnum dularfulla en vinsamlega menn sem yfirheyra Audrey að unnustinn fyrrverandi er í raun njósnari.
22.50 Peppermint
00.30 Line of Duty
02.10 The Spy Who Dumped Me

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Modern Family
10.25 Logi í beinni
11.05 Your Home Made Perfect
12.05 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Grey's Anatomy
13.45 Tiny Lives
14.45 Ísskápastríð
15.20 Allt úr engu
15.45 Falleg íslensk heimili
16.20 Gulli byggir
17.00 BBQ kóngurinn
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 MasterChef Junior
19.50 Mom
20.15 Manifest 3 Þriðja þáttaröð þessara dularfullu spennuþátta. Farþegarnir halda áfram að reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828. Hvert fór flugvélin í þessi 5 ár? Af hverju heyra þau og sjá hluti sem erfitt er að útskýra? Og afhverju er þessi tenging á milli þeirra?
21.00 Magnum P.I.
21.45 Last Week Tonight
22.15 The Wire
23.25 A Teacher
23.50 LA's Finest
00.35 NCIS
01.15 Veronica Mars
01.55 The O.C.
02.40 Your Home Made Perfect
03.40 Friends

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 The Bold Type
21.55 Big Little Lies
22.40 Castle Rock
23.30 Our Girl
00.25 Friends
00.45 Friends
01.10 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Þór Ak. - Þór Þ. Útsending frá leik Þór í Dominos-deild karla.
10.25 KR - Stjarnan
11.55 Dominos Tilþrifin 10. umferð
12.40 Njarðvík - ÍR
14.10 Valur - Keflavík
15.40 Dominos Körfuboltakvöld
17.00 ÍBV - ÍA 2001
17.20 ÍBV - FH Útsending frá leik í Olís-deild karla.
18.40 Þór Ak. - KA
20.05 ÍR - Haukar
21.25 Valur - Afturelding
22.40 Seinni bylgjan - karla

STÖÐ 2 SPORT 2

08.10 Roma - Bologna
09.50 Sampdoria - Napoli
11.30 Valencia - Real Sociedad
13.10 Real Betis - Athlético Madrid
14.50 Celta Vigo - Sevilla
16.30 Benevento - Sassuolo
18.15 Meistaradeildin - upphitun
18.50 Chelsea - Porto Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.30 Spænsku mörkin
22.20 PSG - Bayern München Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
00.00 Fréttaþáttur EM

“

Ég veit allt um risaeðlur.

Hvað viltu vita?

Kauptu næluna á blarapril.is

Einhverfa er alls konar

Birtingarmyndir einhverfu eru afar breytilegar og miðast að því hvernig einstaklingurinn skynjar sjálfan sig og veröldina í kringum sig. Einhverfu fylgja líka áskoranir þar sem fræðsla og stuðningur skipta höfuðmáli.

Þegar þú styrkir Bláan apríl leggur þú börnum með einhverfu og fjölskyldum þeirra lið með ómetanlegum hætti.

BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu

Ýmsir óvenjulegir fylgihlutir í húðumhirðu hafa rutt sér rúms og vinsældir þeirra aukist mikið síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Óhefðbundnar andlitsmeðferðir

Síðustu ár hafa ýmis óvenjuleg tól rutt sér til rúms í húðrútínunni hjá mörgum. Rúllur úr jaði og Gua shah-steinar hafa slegið í gegn fyrir óhefðbundnar andlitsmeðferðir sem byggja á aldagömlum kínverskum hefðum.



Hér er dæmi um í hvar í andlitinu og í hvaða átt er best að nudda Gua shah-steininum eða jaðirúllunni.

Best er að nota góða húðolíu áður en húðin er nudduð út á við með Gua shasteininum.

Það kennir ýmissa grasa þegar kemur að tólum og tækjum sem eru vinsæl í húðumhirðu. Gífurleg sprenging hefur átt sér stað í áhuga á vönduðum og virkum húðvörum síðasta hálfa áratuginn. Verðlag hefur líka sitt um það að segja, en innkoma kanadíska fyrirtækisins The Ordinary var mikil bylting á sínum tíma, því loks voru fáanlegar á góðu verði hreinar vörur með virkum efnum sem höfðu verið rannsökuð í þaula. Það hefur því reynst mun auðveldara að byggja upp góða og vandaða húðrútínu undanfarin ár og fjöldi skemmtilegra fyrirtækja kominn á markaðinn sem bjóða upp á retínól, C-vítamín, hýalúronsýru og níasínamíð. Síðustu tvö ár hafa vinsældir ýmissa aukahluta sem eiga að tryggja að maður fái sem mesta virkni úr olíum á borð við rósaldinolíu, jójobaolíu og skvalín aukist. Þessar vinsældir má að mörgu leyti rekja til samfélagsmiðla þar sem ýmsir áhrifavaldar hafa hrósað þessum tólum í bak og fyrir.

Mörg þeirra eru þó alls ekki ný af nálinni, má þar nefna rúllur úr jaði (e. jade roller) og Gua shah-steina sem eru oftast úr rósakvarsi, en hvort tveggja hefur verið notað í Kína frá sjöundu öld. Slétt og stundum svalt yfirboðið er sagt hjálpa olíum og efnum að ná inn í húðina.

Tilgangurinn er einnig að örva blóðflæðið með því að nudda steinunum í hinar ýmsu áttir í andlitinu, sem á að gera húðina stinnari og ná óhreinindum upp á yfirboðið. Hver og einn verður þó að sjálfsögðu að gera upp við sig hvort vert sé að hafa trú á virkni þessara tóla. En það er í það minnsta gaman að fræðast um þau og margir segja að andlitsnuddið eitt og sér sé róandi eftir erfiðan dag, þrátt fyrir að virknin sé kannski ekki sú sama og margir heilsugúrúar halda fram.

steingerdur@frettabladid.is

Gua shah-steinar fást í ýmsum formum og eru oftast úr rósakvarsi. Þó er hægt að fá Gua shah úr jaði eða öðrum steinum. Formið sem er hér fyrir miðju er það vinsælasta.

Mörgum finnst gott að geyma jaðirúllurnar og Gua sha-steinana inni í ísskáp eða frysti. Það er friskandi eftir langan dag og gerir húðina stinnari, í það minnsta tímabundið.



Parket

Parki INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14.**

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf

Parki **Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!** facebook.com/Parki.interiors

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

MEISTARADEILDIN

8 LIÐA ÚRSLIT - SEINNI UMFERÐ

ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG

EKKI MISSA AF BESTA SJÓNVARPI Í HEIMI!

STÖÐ 2 SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

ÁSKRIFT AÐEINS **3.990**

STÖÐ 2 SPORT ERLENT

Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir og Edda Þórunn Þórarinsdóttir hafa notað tímann í fjarnáminu hérna heima til þess að ýta hlaðvarpinu Læknaspjallinu í gang. Þegar náminu úti lýkur horfir Ólöf til barnalækninga en ófrjósemis-, kvensjúkdóma- og fæðingarlækningar heilla Eddu helst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Úr líkskurði í Slóvakíu í læknahlaðvarp

Læknaneminn **Edda Þórunn** er á þriðja ári í Slóvakíu. Á Instagram-síðunni Íslenskir læknanemar og í hlaðvarpinu Læknaspjallið boðar hún, ásamt skólasystur sinni **Ólöfu Kristínu**, fagnaðarerindið um að láta læknisdrauminn rætast erlendis.

Vinkonurnar Edda Þórunn Þórarinsdóttir og Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir eru á þriðja ári í læknisfræði í Martin í Slóvakíu. Þar sem þær hafa verið fastar á Klakanum í fjarnámi undanfarið ár vegna heimsfaraldursins sættu þær færis og byrjuðu með hlaðvarpið Læknaspjallið sem segja má að sé beintengt Instagram-síðunni Íslenskir læknanemar sem Edda Þórunn byrjaði með fyrir tveimur árum.

„Ég stofnaði Instagramið upprunalega til þess að fræða fólk hér heima, sem hefði áhuga á læknisfræði, um ótal valmöguleika um nám annars staðar í heiminum," segir Edda Þórunn.

Þegar Edda Þórunn hóf námið í Slóvakíu áttaði hún sig á því hversu lítið hún vissi í raun um læknanám þar í landi eða annars staðar í veröldinni. „Ég hugsaði með mér að það væru örugglega margir í sömu stöðu og væru hræddir við að taka af skarið. Þess vegna stofnaði ég Instagramið, til þess að reyna að fræða krakka sem hafa áhuga á læknisfræði og bara fólk sem hefur áhuga á læknisfræði almennt."

Mannlegi þátturinn

Edda Þórunn segir Instagramið heldur betur hafa slegið í gegn á þessum tveimur árum en fylgjendurnir eru um 5.600 og fer stöðugt fjölgandi. Hún segir að góðar undirtektirnar hafi orðið til þess að hún ákvað að taka hugmyndina skrefinu lengra og fá sérfræðinga, kandídata og sérnámslækna til þess að fóstra síðuna af og til, tvo daga í senn, og kynna sjálfa sig, sérsvið sín og nám.

„Tilgangurinn með þessu öllu saman er að fræða fólk hér heima með áherslu á að hræðast það ekki að taka af skarið og elta drauma sína í öðru landi," segir Edda Þórunn og bendir á að Instagramið sé einnig hugsað til þess að sýna almenningi „mannlegu hliðina" á sérfræðingum með því að veita innsýn í líf þeirra og þau ótalmörgu svið sem læknisfræðin hefur upp á að bjóða.

Hlaðvarpið slær í gegn

Vinsældir Íslenskra læknanema urðu til þess að Eddu Þórunni datt í hug að byrja með hlaðvarpsþætti í tengslum við síðuna og fékk Ólöfu Kristínu Þorsteinsdóttur, vinkonu sína og skólasystur, til liðs við sig.

„Hún var til í að vera með mér í þessu og við ákváðum að henda í þetta saman," segir Edda Þórunn. „Þetta var þá búið að krauma í hausnum á mér en það var einhvern veginn aldrei góður tími til þess að byrja vegna þess að við vorum alltaf úti."

Vinkonurnar ákváðu síðan loks að sæta færis þar sem þær hafa verið í fjarnámi frá Íslandi síðasta árið vegna heimsfaraldursins. „Hlaðvarpið hefur heldur betur slegið í gegn og við höfum fengið frábærar undirtektir en tilgangurinn með því er einnig að fræða almenning um læknisfræðina almennt," segir Edda Þórunn um Læknaspjallið.

„Þetta gengur rosalega vel. Þættirnir koma út aðra hverja viku vegna þess að við erum náttúrlega í fullu námi líka." Alma Möller landlæknir var gestur þeirra Ólafar Kristínar í fyrsta þætti en síðan þá hafa bæst við þættir með Snorra Einarssyni, ófrjósemislækni og yfirlækni Livio, og Elvari Úlfarssyni, heila-, tauga- og mænuskurðlækni.

Beint í líkskurð

„Þar sem það er svakalega erfitt að komast inn hér heima og margir reyna kannski þrisvar til fimm sinnum áður en þeir komast inn fannst mér alger nauðsyn að efla fræðslu um nám erlendis," segir Edda Þórunn um grunnhugsjónina að baki bæði Instagraminu og hlaðvarpinu.

Edda Þórunn segir að þótt háskólabærinn Martin í Slóvakíu sé mjög lítill hafi þó myndast þar þétt samfélag íslenskra læknanema sem fari stöðugt stækkandi. „Við erum rosalega mörg. Samanlagt erum við örugglega um 200 og þetta er bara að aukast. Ég veit ekki hvort það er út af Instagraminu eða einhverju öðru," segir Edda Þórunn á léttu nótunum.

> TILGANGURINN MEÐ ÞESSU ÖLLU SAMAN ER AÐ FRÆÐA FÓLK HÉR HEIMA MEÐ ÁHERSLU Á AÐ HRÆÐAST ÞAÐ EKKI AÐ TAKA AF SKARIÐ OG ELTA DRAUMA SÍNA Í ÖÐRU LANDI.

Þrátt fyrir þennan mikla fjölda segir Edda Þórunn aðspurð að námið í Slóvakíu sé síður en svo auðveldara en í Háskóla Íslands.

„Nei, alls ekki. Námið úti er allt öðruvísi en heima upp á það að gera að hérna heima byrja þau ekkert í verklegu námi fyrr en eftir þriðja árið en við kryfjum lík á fyrsta ári og við erum alltaf í verklegum tímum.

Á þriðja ári byrjum við í skurðlækningum og lyflækningum þannig að ef að við værum úti núna værum við uppi á spítala að tala við sjúklinga, hérna heima byrjarðu ekki á því fyrr en á fjórða ári."

toti@frettabladid.is



AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Beltone **Amaze**™

Gæði lífsins eru líka mæld í desíbelum

Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir heiminn á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000 | RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is | AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is | PRENTUN Torg ehf. | DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar

Ferðaskömm

Fyrir sléttu ári var fólk hvatt til þess að ferðast ekki um páskana, ekki einu sinni innanlands. Flestir hlýddu kallinu enda var veiran ný af nálinni og óvissan mikil. Enginn vildi stuðla að auknum smitum eða hætta á að smita þá sem viðkvæmastir voru. Á hverjum degi greindust tugir nýrra smita og alls voru þúsund Íslendingar með virk smit, margir hverjir í öndunarvélum. Sem betur fer hefur staðan gjörbreyst og í dag eru ný smit talin á fingrum annarrar handar. Enginn er á spítala. Enginn! Þannig hefur ástandið verið um nokkurra mánaða skeið og viðkvæmustu hóparnir hafa nú verið bólusettir.

Af þessum sökum er fólk farið að leyfa sér aukið svigrúm í sínu daglega lífi, aukin lífsgæði. Ekki veitir af. Sumir heimsækja bústaðinn á meðan aðrir fara utan. Ferðalög til og frá Íslandi eru ekki ólögleg og Íslendingum er frjálst að ferðast. Á þessu ætti enginn vafi að leika. Engu að síður er það svo að þeir sem út fyrir landsteinana fara, fara huldu höfði fyrir og eftir ferðalög sín af ótta við aftöku á samfélagsmiðlum. Ferðaskömm hefur gripið landann.

Engu er líkara en að ferðaskrifstofur, sem freista okkar með gylltum sólarströndum og iðjagrænum golfvöllum, hafi tekið að sér hlutverk fíkniefnasala á meðan neytendurnir ganga um Leifsstöð með bréfpoka yfir hausnum af ótta við að þekkjast. Fjölmiðlar taka svo þátt í vitleysunni og flytja fréttir af frægum sem sést hafa með ferðatösku á Suðurnesjum. Ferðalangar eru nafngreindir í fjölmiðlum eins og þeir hafi gerst sekir um lögbrot. Trítilóður múgurinn krefst skýringa á ferðalögunum – eins og honum komi þau eitthvað við.

FRÉTTABLAÐIÐ

88,4%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

MATUR & HEIMILI

FÓLK

Þriðjudaga kl. 20.00

Matur & heimili

Sjöfn Þórðar stýrir lifandi þáttum um matargerð og bakstur í bland við innanhúss-arkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

4·3·3.is



ÍÞRÓTTIR

Þriðjudaga kl. 21.30

433.is

Hörður Snævar Jónsson fær til sín helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna í fótboltaheiminum. Þátturinn er sýndur samtímis á Hringbraut og 433.is

Fimmtudaga kl. 21.30

Sir Arnar Gauti

Hinn eini sanni Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem snertir á öllu því sem snýr að heimilum, hönnun, tísku og arkitektúr.

Ásamt:

Lífið er lag
Veiðin
Saga og samfélag
Suðurnesjamagasín
Heima er Bezt
Atvinnulífið
og margt fleira.

Allir þættir í opinni dagskrá og á **hringbraut.is**

HRINGBRAUT

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is